FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

59. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 10. MARS 2017



**Fjöldi fólks tók þátt í sjötta og síðasta Poweraid-hlaupi vetrarins sem var haldið í gærkvöldi. Þátttakendur hlupu 10 kílómetra, að mestu á göngustígum í Elliðaárdal.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Farþegar úti í kuldanum

**BORGARMÁL** Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins gagnrýna að farþegar sem bíða eftir strætó á Hlemmi þurfi að bíða utandyra í kulda og trekki.

Í bókun sem lögð var fram á borgarráðsfundi í gær segir að í mars 2016 hafi borgarráð samþykkt þá tillögu að í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega yrði húsnæði skiptistöðvarinnar á Hlemmi haft opið meðan unnið væri að breytingum á húsnæðinu en önnur aðstaða útbúin eftir því sem þörf krefði vegna framkvæmdanna. Þá yrði húsið opið á aksturstíma strætisvagna.

„Til stóð að breytingum á húsnæðinu yrði lokið sumarið 2016 en það hefur ekki gengið eftir og er húsið nú harðlokað farþegum sem þurfa að bíða utandyra í kulda og trekki,“ segja borgarráðsfulltrúarnir. – jhh

# Við getum ekki haldið svona áfram endalaust

**Hagvöxtur var hvergi meiri í OECD-ríkjum en á Íslandi í fyrra. Hagfræðingur í Landsbankanum segir áframhaldandi vöxt leiða til þenslu. Lars Christensen segir ríkisstjórnina þurfa að vera á bremsunni þegar kemur að ríkisútgjöldum.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta leiðir augljóslega til þenslu. Við getum ekki viðhaldið svona hagvexti út í hið endalausa,“ segir Daníel Svavarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Hagvöxtur á Íslandi mældist 7,2 prósent á síðasta ári sem er mesti hagvöxtur frá árinu 2007. Þetta er töluvert meiri hagvöxtur en mælst hefur á síðustu árum. Hagfræðideild Landsbankans segir að hagvöxtur hafi verið mun meiri á Íslandi en í öðrum OECD-ríkjum. Aðeins í einu ríki heimsins hafi mælst meiri hagvöxtur á síðasta ári, Indlandi. Þar er áætlað að hann hafi numið 7,5 prósentum.

Daníel bendir á að einkaneysla sé vaxandi og hafi ekki náð hámarki ennþá. „Þannig að það er alls ekki ólíklegt að hagvöxturinn í ár verði svipaður, ef ekki meiri en í fyrra. En svo kemur að því að við getum ekki keyrt áfram á yfirgír og þá á sér stað einhver aðlögun. Og vonandi verður það niðurtröppun í hagvexti frekar en samdráttur,“ segir Daníel.

Danski hagfræðingurinn Lars Christensen segir ekki tilefni til viðbragða í óðagoti. Ríkisstjórnin megi hins vegar ekki auka á þenslu með auknum útgjöldum. – jhh / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sigurður Árni Þórðarson skrifar um Kobba krók og réttarríkið. 13

**SPORT** ÍR-ingar og Þór á Akureyri fara í úrslitakeppnina en Njarðvík situr eftir með sárt ennið 16

**MENNING** Haukur Ingvarsson er í kaldastríðspælingum á Hugvísindaþingi. 26

**LÍFIÐ** Sjónvarpsstjarnan og kokkurinn Matty Matheson fékk sér „gómsæt“ svið á BSÍ. 34



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FISKELDI**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Gengur í austan hvassviðri eða storm með talsverðri rigningu í dag, en hægara og úrkomulítið norðvestan til.
SJÁ SÍÐU 24




Mark Zuckerberg, framkvæmdastjóri Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hermir eftir Snapchat á ný

**TÆKNI** Facebook opnaði í gær fyrir nýja viðbót við Messenger-skilaboðaforrit sitt. Viðbótin nefnist Messenger Day og svipar mjög til My Story-fídussins á Snapchat.

Með Messenger Day munu notendur þannig geta bætt við myndum og myndböndum yfir daginn sem eyðast eftir sólarhring. Hægt er að velja að deila efninu með ákveðnum eða jafnvel öllum vinum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Facebook hermir eftir Snapchat. Í ágúst síðastliðnum var boðið upp á fídusinn Stories í ljósmyndaforriti Facebook, Instagram, og í febrúar fyrir ári var slíkt hið sama gert með skilaboðaforritið WhatsApp. Sú viðbót nefndist Status.

Sjálfur tjáði Mark Zuckerberg, eigandi Facebook, sig um þessa nýju áherslu á ljósmyndir í símtali með greiningaraðilum í nóvember. Sagðist hann hafa trú á því að myndavélin yrði það tæki sem helst yrði notað til að deila upplifun með vinum í framtíðinni. – þea

> Með Messenger Day munu notendur þannig geta bætt við myndum og myndböndum yfir daginn sem eyðast eftir sólarhring.

## Slakað á við gongið



Það getur verið notalegt að slaka á í vatni við gong-hljóma. Sú er að minnsta kosti skoðun þessara gesta gong-slökunar í Nauthólsvík. Hér sést jógakennarinn Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir spila á umrætt gong af mikilli snilld. Allnokkrir voru mættir til að taka þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skagamenn fá sín fyrstu skip

**FERÐAÞJÓNUSTA** Fyrstu komur skemmtiferðaskipa til Akraness verða í sumar. Fyrsta skipið sem hefur boðað komu sína þangað er Le Boreal. Það er ellefu þúsund brúttótonna skip með 264 farþega og 139 manna áhöfn.

Frá þessu er greint á vef Faxaflóahafna en jafnframt að á dögunum hafi Faxaflóahafnir fengið bókun um 14 komur til Akraness frá skipinu To Callisto. Það er lítið skip sem var smíðað árið 1963. Skipið getur tekið 34 farþega og áhöfnin er jafnan 16 til 18 manns. Áformað er að komur skipsins til Akraness raðist nokkuð jafnt yfir sumarmánuðina.

Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem skemmtiferðaskip koma til hafnar á Akranesi meta starfsmenn Faxaflóahafna það svo að um stórtíðindi sé að ræða – bæði fyrir sveitarfélagið sjálft og Faxaflóahafnir. – shá

# Flestir á Vogi hafa notað mörg vímuefni

**Á áratug fjölgaði þeim sem notuðu ólögleg vímuefni úr 18,5% í 49%. Þetta sýnir gagnabanki Vogs. Áfengi er rauði þráðurinn en fjórðungur sjúklinga sækir í þrjú eða fleiri vímuefni sem þeir eru fíknir í – sýna tölur ársins 2015.**




Áfengissýki hefur lengi verið helsta viðfangsefnið á Vogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HEILBRIGÐISMÁL** Hlutfall þeirra sem voru fíknir í ólögleg vímuefni og leituðu sér lækninga á Sjúkrahúsinu Vogi fór á rúmlega tíu árum úr 18,5 prósentum af sjúklingahópnum í 49 prósent árið 2006. Sú staða hefur síðan lítið breyst og helmingur þeirra sem leita á Vog á hverju ári á við vandamál að stríða vegna fíknar í ólögleg vímuefni.

Á tímabilinu frá 1994 til 2006, fjölgaði tilfellunum úr tæplega 300 á hverju ári í 907. Síðan hefur fjöldi tilfella lítið breyst og hlutfallið haldist það sama. Sjúkdómsgreiningar þar sem vandinn er bundinn við lyf, sem jafnframt eru vímuefni, hafa verið um 500 síðustu fimm árin, eða um 30 prósent.

Þetta kemur fram í nýútgefnu ársriti meðferðarsviðs SÁÁ 2016, en höfundur þess er Þórarinn Tyrfingsson, forstjóri Sjúkrahússins Vogs.

Þórarinn segir frá því hversu mikil breytingin var frá þeim tíma er SÁÁ var stofnað og byrjaði að bjóða áfengis- og vímuefnasjúklingum meðferð – þá var áfengi vímuefnið sem nær allir notuðu og áttu í vanda með. Á því voru þó vissulega fáeinar undantekningar. Einstaka sjúklingar voru fíknir í tvö vímuefni eða fleiri.

„Síðan þá hafa fleiri og fleiri sjúklingar komið til meðferðar sem kalla má fjölfíkla, eða eru háðir fleiri en einu vímuefni, auk tóbaks. Mikil aukning varð á þessu á árunum 1983 til 1985 og svo aftur frá 1996 til 2000. Á Sjúkrahúsinu Vogi forðast læknar að nota fjölfíklagreininguna í vímuefnagreiningunni en greina þess í stað og nefna öll þau vímuefni sem sjúklingurinn er fíkinn í. Með þessu verða vímuefnagreiningarnar nákvæmar og samanburðarhæfari milli ára,“ segir Þórarinn.

Í tölfræði SÁÁ fær helmingur sjúklinganna á Vogi aðeins eina vímuefnagreiningu, en árið 2015 fengu þrír af hverjum fjórum áfengisgreiningu, þrettán prósent fengu kannabisgreiningu og um tólf prósent lyfjagreiningu. Einn af hverjum fjórum sjúklingum á Vogi var fíkinn í þrjú eða fleiri vímuefni á Vogi árið 2015, en hafa ber í huga að þeir hafa notað miklu fleiri vímuefni en þeir greinast fíknir í, bætir Þórarinn við.

„Vegna þess hversu algengt er að sjúklingar séu háðir fleiri en einu vímuefni er mikilvægt að greina hvaða vímuefni veldur mestum vanda hjá þeim.“ svavar@frettabladid.is

### Frá tæru áfengi í fjölfíkn

- Sú var tíðin að þeir sem leituðu sér meðferðar vegna áfengis- og vímuefnasjúkdóms á Íslandi notuðu nær eingöngu áfengi.
- Um og eftir seinni heimsstyrjöldina fóru fáeinir áfengissjúklingar að nota lækningalyf sem jafnframt voru vímuefni, bæði örvandi lyf (amfetamín og skyld lyf) og róandi ávanalyf.
- Árið 1961 komu benzodíasepam-lyfin [kvíðastillandi/svefnlyf] á markað. Notkun róandi ávanalyfja jókst mikið í kjölfarið og sjúklingar sem misnotuðu þessi lyf fóru að leita sér meðferðar í vaxandi mæli.
- Árið 1968 komu kannabisefni til Íslands og fljótlega upp úr því komu kannabisfíklar til meðferðar og sumir þeirra höfðu notað LSD [ofskynjunarefni].






**Mitsubishi Outlander** hefur fengið frábærar viðtökur. Betur búinn fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll er vandfundinn og ekki skemmir verðið fyrir. Komdu í reynsluakstur og fáðu tilfinninguna sem svo erfitt er að lýsa – jafnvel eftir að þú prófar.

**Mitsubishi Outlander**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:
**5.350.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Fimm ára þrautagöngu sakborninga í manndrápsmáli lokið

**DÓMSMÁL** Börkur Birgisson og Annþór Kristján Karlsson voru sýknaðir í Hæstarétti í gær af ákæru um að hafa veitt fanganum Sigurði Hólm Sigurðssyni áverka í fangaklefa hans á Litla-Hrauni sem drógu hann til dauða í maí árið 2012. Með því staðfesti rétturinn dóm Héraðsdóms Suðurlands frá því á síðasta ári.

„Þetta er búið að vera löng þrautaganga, fimm ár. Þetta er að mínu viti bara réttlát niðurstaða eins og málið allt liggur,“ segir Sveinn Guðmundsson, verjandi Barkar Birgissonar, en viðamikil rannsókn lögreglu á því hvað leiddi til dauða Sigurðar tók um eitt ár.

Lögregla gerði meðal annars nákvæma eftirmynd af klefa Sigurðar á Litla-Hrauni og framkvæmdi tilraunir til að komast að niðurstöðu um hvort hann hefði getað dottið á eitthvað inni í fangaklefa sínum.

Sveinn segir að niðurstaða Hæstaréttar sé eðlileg, mikill vafi hafi leikið á því hver hefði verið hvar og hvenær þennan örlagaríka dag, 17. maí 2012.


Annar sakborninga var dreginn inn í dóm við þingfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er niðurstaðan og hún er fengin eftir vandaða meðferð fyrir dómi og það er kannski ekkert meira um það að segja,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari.

Tveir dómarar skiluðu séráliti. Helgi segir að sérálit þeirra falli betur að ályktunum ákæruvaldsins í málinu. – jhh

## Björn Steinbekk sýknaður

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær Björn Steinbekk í miðasölumálinu svokallaða.

Gísli Hauksson, fyrrverandi forstjóri GAMMA, keypti tíu miða af Birni á leik Íslands og Frakklands á Evrópumótinu í knattspyrnu síðasta sumar. Alls kostuðu miðarnir 686 þúsund krónur, en Gísli var á meðal þeirra sem aldrei fengu miðana í hendur og krafðist því endurgreiðslu.

Héraðsdómur féllst á þau rök að Sónar Reykjavík en ekki Björn. Því bæri að sýkna hann. – hh


Björn Steinbekk tónleikahaldari

## Enn best að vinna hjá Google

**VIÐSKIPTI** Besti vinnustaður í Bandaríkjunum, í áttunda skipti, er Google. Þetta kemur fram á nýjum lista sem Fortune tók saman yfir bestu vinnustaði Bandaríkjanna árið 2017. Hefur Google trónt á toppnum undanfarin sex ár.

„75 milljarða dala tæknirisinn er frægur fyrir fríðindi á borð við ókeypis gæðamat, hársnyrtingu og þvott,“ segir í útskýringu Fortune á valinu.

Þá er einnig fjallað um vinnustaðamenningu Google. Á vinnustaðnum sé unnið markvisst að því að þar ríki fordómaleysi, að leyfa röddum svartra starfsmanna að heyrast og vernda réttindi transfólks.

Í öðru sæti þetta árið er Wegmans Food Markets og Boston Consulting Group vermir þriðja sætið. – þea

# Stjórnvöld auki ekki enn frekar á þensluna með ríkisútgjöldum

**Hagfræðingur segir hættu á þenslu við óbreyttar aðstæður í efnahagslífinu. Hagvöxtur var meiri á Íslandi en í nokkru öðru ríki innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank segir að forsætis- og fjármálaráðherra þurfa að standa í lappirnar í ríkisfjármálum við þessar aðstæður.**

„Svona mikill hagvöxtur er langt yfir hagvaxtargetu þjóðarbúsins. Þetta leiðir augljóslega til þenslu. Við getum ekki viðhaldið svona hagvexti út í hið endalausa. Það er alveg gefið mál,“ segir Daníel Svavarsson, hagfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

Hagvöxtur á Íslandi mældist 7,2 prósent á síðasta ári sem er mesti hagvöxtur frá árinu 2007 þegar hann nam 9,3 prósentum. Þetta er töluvert meiri hagvöxtur en mælst hefur á síðustu árum.

Hagfræðideild Landsbankans segir að hagvöxtur hafi verið mun meiri á Íslandi en í öðrum OECD-ríkjum. Horft yfir heiminn í heild hafi hagvöxtur aðeins mælst meiri í einu ríki á síðasta ári, Indlandi. Þar er áætlað að hagvöxturinn hafi numið 7,5 prósentum.

Allt útlit er fyrir að hagvöxtur verði einnig mikill í ár með sífelldri fjölgun ferðamanna og góðri loðnuvertíð. Daníel bendir á að einkaneysla sé vaxandi og hafi ekki náð hámarki ennþá. „Þannig að það er alls ekki ólíklegt að hagvöxturinn í ár verði svipaður ef ekki meiri en í fyrra. En svo kemur að því að við getum ekki keyrt áfram á yfirgír og þá á sér stað einhver aðlögun. Og vonandi verður það niðurtröppun í hagvexti frekar en samdráttur,“ segir Daníel. Hann kveðst bjartsýnn á að það náist mjúk lending í þetta skipti. „Það er ekkert öruggt að þetta klikki hjá okkur núna. Vegna þess að þessi aukning í einkaneyslunni og fjárfestingu virðist enn sem komið er ekki tekin að láni. Einkaneyslan er til dæmis ekki að aukast meira en kaupmáttur launa. Það er ein vísbendingin. Og svo erum við ekki að sjá mikla útlánaaukningu í bankakerfinu. Fyrirtæki og heimili virðast því vera mikið að nota eigin fé til þess að fjárfesta,“ segir Daníel.

### Hagvöxtur árið 2016 í helstu ríkjum heims*



*Samkvæmt tölum OECD

> Þetta leiðir augljóslega til þenslu. Við getum ekki viðhaldið svona hagvexti út í hið endalausa.
>
> Daníel Svavarsson, hagfræðingur hjá Landsbankanum



> Forsætisráðherrann og fjármálaráðherrann verða að standa í lappirnar,
>
> Lars Christensen, fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank



Lars Christensen, fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank, segir nýjustu hagvaxtartölur ekki gefa tilefni til að grípa til einhverra viðbragða í óðagoti. Hann tekur undir með Daníel, að staðan sé frábrugðin því sem var árið 2007-2008 þegar mikið lánsfé hafði streymt inn í hagkerfið. Hins vegar hafi Íslendingar núna gott færi á að hefja undirbúning að kerfisbreytingum í efnahagslífinu til að draga úr bólumyndun í hagkerfinu.

Lars Christensen segir tekjur ríkisins aukast í þessu árferði. Ríkisstjórnin megi hins vegar ekki auka á þenslu með auknum ríkisútgjöldum. „Forsætisráðherrann og fjármálaráðherrann verða að standa í lappirnar,“ segir Lars og fagnar hugmyndum um auðlindasjóð þar sem hægt er að leggja fyrir tekjur.

jonhakon@frettabladid.is



Dansleikir föstudags- og laugardagskvöld frá kl. 23:00 - 03:00

# Tæpar 360 milljónir í laun og tengd gjöld fyrir kjörna fulltrúa í borginni

**BORGARMÁL** Heildarlaunakostnaður fyrir hvern stjórnmálaflokk á árinu 2015 vegna setu í borgarstjórn, fagráðum, hverfisráðum, bílastæðanefnd og heilbrigðisnefnd var lagður fram á borgarráðsfundi í gær.

Þar kom í ljós að launakostnaður og launatengd gjöld vegna fulltrúa Samfylkingarinnar námu um 88 milljónum króna. Sjálfstæðisflokkurinn var næstur með um 76 milljónir, Björt framtíð var með um 53 milljónir, Framsókn og flugvallarvinir með um 47 milljónir, Vinstri græn um 38 milljónir og Píratar 33 milljónir.

Laun Dags B. Eggertssonar borgarstjóra voru alls 21,1 milljón. Það var borgarráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sem lagði fyrirspurnina fram í borgarráði í september í fyrra. Hann spurði einnig um kostnað vegna utanlandsferða. – bb


Dagur B. Eggertsson borgarstjóri þáði 17,5 milljónir í laun og voru greidd um 3,7 milljónir í launatengd gjöld vegna borgarstjóra.

**33** milljónir króna voru greiddar vegna Pírata

**76** milljónir voru greiddar vegna Sjálfstæðismanna


F&F
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DÖMU- OG
HERRA GALLABUXUM
DAGANA 9.-15. MARS
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri




Heimsferðir bjóða sérferð til Gardavatnsins í lok apríl. Gardavatnið er stærsta stöðuvatn Ítalíu. Það liggur í skjóli Alpanna í norðri, í suðri tekur Pósléttan við og er staðurinn margrómaður fyrir náttúrufegurð og fjölbreytni. Fjöll og hamraveggir, vínviður, ólífutré og annar fjölbreyttur gróður, litlar bryggjur, baðstrendur og rómantískir göngustígar meðfram vatninu, ásamt smábæjum með gömlum miðbæjarkjörnum sem iða af mannlífi. Þetta ásamt angan af góðum mat og drykk er það sem einkennir lífið við Gardavatnið. Í næsta nágrenni eru fjölskyldu- og skemmtigarðar, vatnasport og útivistar möguleikar, söfn og sögulegar minjar.






Boðið verður upp á léttar gönguferðir og siglingar um Gardavatnið á meðan á dvöl stendur. Gardavatnið er staður sem allir elska og þangað er hægt að koma aftur og aftur og uppgötva nýja og spennandi staði í hverri ferð. Dvalið verður í bænum Malcesine á norðausturströnd vatnsins og gist í 4 nætur á Hotel Diana*** skammt frá miðbænum. Í bænum setur Scaligero kastalinn sterkan svip sinn á bæinn og í bakgrunni gnæfir fjallið Monte Baldo. Möguleiki er að taka kláfinn uppá topp fjallsins en þaðan er óviðjafnanlegt útsýni yfir eina rómuðustu náttúruperlu Norður-Ítalíu. Bærinn er einstaklega skemmtilegur með þröngum hellulögðum strætum, litlum veitingastöðum, kaffihúsum og spennandi sérverslunum og er mikið eftirlæti ferðamanna. Góðar samgöngur eru frá höfninni í Malcesine um Gardavatnið vítt og breitt.

**Frá kr. 114.995 m/morgunmat o.fl.**
Netverð á mann frá kr. 114.995 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat alla daga og kvöldverði 20. apríl.

Heimsferðir







**Fjöldi manns mætti til að mótmæla frestun framkvæmda við þjóðveg 1 í Berufirði.** MYND/ÓLAFUR BJÖRNSSON

# Frestun framkvæmda mótmælt í annað sinn

**Íbúar í Berufirði lokuðu þjóðvegi 1 í gær til að mótmæla frestun framkvæmda. Framkvæmdastjóri Jáverks segir þörf á aukinni fjárfestingu í vegakerfinu. Þingmaður Vinstri grænna vill hækka eldsneytisgjald til að fjármagna framkvæmdir.**

**SAMGÖNGUR** Íbúar í Berufirði og nærliggjandi sveitum mótmæltu í gær frestun uppbyggingar nýs vegar í firðinum. Er það í annað sinn á skömmum tíma sem íbúar mótmæla með því að loka veginum en það var einnig gert á sunnudag.

„Það var mikil mæting af Djúpavogi og úr nærsveitum, Breiðdalsvík, Egilsstöðum og víðar. Það var mikill samhugur og samstaða. Fólk var gallhart á sínum kröfum,“ segir Berglind Häsler, bóndi á Karlsstöðum.

Þó voru ekki allir sáttir við mótmælin. Nokkrir ferðamenn mótmæltu mótmælunum. Berglind segir þau þó hafa búist við slíku. „Auðvitað er leiðinlegt að þetta bitni á þeim en svona er þetta bara. Það er mótmælt víða um allan heim með alls konar töfum.“

Hún segir það hafa staðið upp úr þegar sveitarstjórnin hafi mætt á svæðið. Þau hafi verið á fundi frá klukkan fjögur en ákváðu að klára fundinn á einbreiðu brúnni þar sem mótmælin fóru fram. „Þar var samþykkt ályktun um þetta mál. Þetta var ótrúlega flott og ég sagði upphátt að ég héldi að þetta væri besta sveitarfélag í heimi,“ segir Berglind.

Hún segir aðgerðaleysi stjórnvalda valda íbúum gífurlegum vonbrigðum. „Það voru allir orðnir svo vongóðir um að nú væri þetta að hafast og að þjóðvegur 1 yrði loksins malbikaður.“

Þá segir hún að um sé að ræða fimm kílómetra kafla sem þurfi að laga. Svo séu aðrir vegir inni í Breiðdal og á Breiðdalsheiði sem einnig þurfi að laga. „Þetta var búið að fara í gegnum skipulag og átti að vera klárt. Við héldum að það ætti að græja þetta en svo er bara búið að blása það af.“

Ljóst er að fleiri deila sjónarmiðum Berglindar um að meiri fjárfestingar sé þörf. Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks, gerði samgöngumálin að umræðuefni í ræðu sinni á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins í gær.

„Fjárfestingar í vegakerfinu hafa að jafnaði numið 1,5 til tveimur prósentum af landsframleiðslu en frá árinu 2009 hefur hlutfallið verið undir einu prósenti. Á sama tíma er umferðin stöðugt að aukast og bara í fyrra var aukningin níu prósent frá árinu á undan,“ sagði Gylfi.

Hann sagði jafnframt að færa mætti gild rök fyrir því að ein ástæða þess að framleiðnivöxtur á Íslandi hefði ekki verið nægjanlegur á síðustu árum væri of lágt fjárfestingastig. „Við verðum að bæta samgöngur landsins til að efla byggð og auka verðmæti,“ sagði Gylfi.

Þá lagði Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, fram frumvarp á Alþingi í gær sem snýr að samgöngumálum. Gengur frumvarpið meðal annars út á að hækka gjald á bensín og olíu og nýta hækkunina í að auka tekjur til vegamála.

thorgnyr@frettabladid.is

> Það var mikill samhugur og samstaða. Fólk var gallhart á sínum kröfum.
>
> Berglind Häsler, bóndi á Karlsstöðum



**9%**
**aukning var á umferð á Íslandi í fyrra.**

# Vopnuð átök milli gengja í Stokkhólmi

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglan í Stokkhólmi hefur beðið um aðstoð frá öðrum lögregluumdæmum í Svíþjóð vegna vopnaðra átaka milli glæpagengja í borginni. Átök eru milli sex glæpagengja í norðurhluta borgarinnar og sex í suðurhlutanum. Það sem af er þessu ári hafa átta manns verið skotnir til bana í 17 skotárásum og 14 hafa særst, samkvæmt frétt sænska sjónvarpsins.

Að undanförnu hefur handsprengjum verið fleygt mörgum sinnum að fasteignum og bílum. Sænska sjónvarpið hefur það eftir fulltrúa Stokkhólmslögreglunnar að glæpagengin séu í góðu sambandi við vopnasala á Balkanskaga sem útvegi þeim handsprengjur. Fjöldi skotvopna er í umferð og nýlega hefur lögreglan lagt hald á 17 Kalashnikov-riffla.

Lögreglan í Stokkhólmi rannsakar nú alls 47 morð og 57 morðtilraunir. Talið er að í mörgum tilfellum séu morðin í tengslum við fíkniefnaviðskipti auk þess sem um hefndaraðgerðir sé að ræða. Lögreglan rannsakar jafnframt önnur afbrot í Stokkhólmi sem tengjast glæpagengjum. Um er að ræða 436 alvarleg afbrot, eins og til dæmis fjárkúgun og mannrán.

Liðsauki mun berast frá Gautaborg vegna morðöldunnar í Stokkhólmi. Gautaborgarlögreglan hefur mikla reynslu af átökum glæpagengja undanfarin ár. – ibs

**12**
**glæpagengi, sex í norðurhluta borgarinnar og sex í suðurhlutanum, hafa átt í vopnuðum átökum**


CITROËN
NJÓTTU. GÆÐIN HRÍFA.
CITROËN C4 CACTUS
SJÁLFSKIPTUR • AFAR RÚMGÓÐUR • STÓRT SKOTT • SPARNEYTINN
HLIÐARVÖRN • HÁ SÆTISSTAÐA • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH
citroen.is
Nútímaleg og framúrskarandi hönnun einkennir Citroën C4 Cactus. Einstakt notagildi, mikið rými og hagkvæmni í rekstri. Citroën er skrefi á undan fyrir þá sem vilja komast sinna ferða á hagkvæman og þægilegan hátt, innan- sem utanbæjar. Citroën C4 Cactus er nægjanleg stór til að rúma alla sem þú elskar mest, allir sitja hátt í góðum sætum og eru með frábært útsýni. 358 lítra skottið er sérlega rúmgott og hentar vel fyrir útivistina þína. Citroën C4 Cactus er ótrúlega sparneytinn bíll og státar af einstakri hliðar- og stuðaravörn sem verndar hann fyrir minni rispum og skellum. Komdu, prófaðu og njóttu Citroën C4 Cactus og gæðin munu hrífa þig.
NJÓTTU CITROËN Í DAG.
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Ungir karlmenn ofbeldisfullir í miðbænum um helgar

**SAMFÉLAG** Árið 2016 var tilkynnt um 283 líkamsárásir í miðborg Reykjavíkur. Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki borist jafn fáar tilkynningar á einu ári frá því árið 2011 þegar tilkynnt var um 261 brot.

Flest þessara ofbeldisbrota koma upp í tengslum við skemmtanalífið í miðborginni um helgar. Um það bil tvö af hverjum þremur tilkynntum ofbeldisbrotum árið 2016 áttu sér stað frá miðnætti til klukkan 7 aðfaranótt laugardags og sunnudags og voru tæp 80 prósent þessara brota skráð inni á skemmtistöðum eða utandyra á þessu svæði.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni. Þar segir enn fremur að karlmenn séu um 90 prósent gerenda í ofbeldismálum í miðborginni og um 80 prósent brotaþola. Tæplega helmingur grunaðra var á aldrinum 21 til 30 ára og um helmingur brotaþola var á sama aldri. Ekki er algengt að sömu aðilar séu grunaðir í mörgum ofbeldismálum á sama árinu.



**Mörg brot áttu sér stað frá miðnætti til klukkan 7.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**80%**

**brotaþola í borginni eru karlmenn**

Um níu prósent grunaðra báru ábyrgð á tveimur eða fleiri ofbeldisbrotum árið 2016 en tæplega þrjú prósent báru ábyrgð á þremur eða fjórum málum.

Þegar á heildina er litið hefur ofbeldisbrotum á höfuðborgarsvæðinu öllu fjölgað frá árinu 2011. Það ár bárust lögreglunni 679 tilkynningar en í fyrra voru tilkynningarnar 1.169. Þessi fjölgun skýrist af breyttu verklagi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í heimilisofbeldismálum sem tók gildi í janúar 2015.

Unnið er að uppsetningu á um 30 nýjum eftirlitsmyndavélum í miðborginni. Verður lögreglan með aukið eftirlit um helgar til að auka öryggi í borginni. **– bb**

## Tæknirisar fá gögnin fyrst

**TÆKNI** Fyrirtæki á borð við Apple, Google og Samsung munu fyrst allra fá að berja augum ný gögn er tengjast eftirliti leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) í gegnum snjalltæki. Frá þessu greindi Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, í gær.



**Julian Assange, stofnandi Wikileaks.**

WikiLeaks lak í vikunni skjölum úr skjalasafni sínu er nefnist Vault 7 sem sýna fram á að CIA hafi nýtt sér veikleika í vörnum snjalltækja til að kveikja á myndavélum og hljóðnemum án samþykkis eigenda viðkomandi tækja.

„Við vitum um alls kyns öryggisgalla sem við viljum að séu lagaðir áður en við birtum skjölin. Við ætlum að vinna með sumum þessara framleiðenda að því að laga gallana," sagði Assange. **– þea**

## Talsvert dregið úr inflúensunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Inflúensa hefur verið staðfest hjá 398 einstaklingum frá því í lok nóvember 2016. Dregið hefur umtalsvert úr fjölda þeirra sem greinst hafa með inflúensulík einkenni á heilsugæslustöðvum. Tíðni inflúensulíkra einkenna er svipuð í öllum aldurshópum en þó lægst í börnum undir eins árs og hæst í aldurshópnum 15 til 19 ára.

Frá þessu segir á vef Embættis landlæknis.

Frá því í byrjun september 2016 hafa alls 173 einstaklingar legið á Landspítala vegna inflúensu, þar af greindust nítján í síðustu viku sem er nokkur fækkun borið saman við vikuna á undan. Flestir eiga það sameiginlegt að vera 67 ára og eldri. **– shá**

**173**

**hafa í vetur legið á Landspítalanum með flensu**



**Fyrsti fundur nýstofnaðs peningaklúbbs Venstre, flokks Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, verður haldinn í embættisbústað hans.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fela peninga í leyniklúbbum

**Danskir stjórnmálaflokkar bjóða fólki í atvinnulífinu aðild að lokuðum klúbbum sem kallaðir eru peningaklúbbar. Klúbbarnir eru leið til að fela peningagjafir til flokkanna.**

**DANMÖRK** Nokkrir flokkar á danska þinginu hala inn fé í flokkssjóði sína í gegnum lokaða klúbba fyrir fólk í atvinnulífinu og hagsmunasamtökum. Í umfjöllun Jótlandspóstsins um klúbbana, sem kallaðir eru peningaklúbbar, segir að leynd hvíli yfir því hverjir séu klúbbfélagar og einnig yfir því hversu mikið fé streymi til flokkanna.

Að minnsta kosti fjórir þingflokkar nýta sér svokallaða peningaklúbba, að því er Jótlandspósturinn greinir frá. Það eru Venstre, Íhaldsflokkurinn, Frjálslynda bandalagið og Jafnaðarmannaflokkurinn. Klúbbfélagar greiða á hverju ári fé til að geta tekið þátt í lokuðum viðburðum og hitt framámenn í viðkomandi stjórnmálaflokkum.

Sú staðreynd að stjórnmálaflokkarnir geti notað lokaða klúbba til að fela háar fjárhæðir frá einkaaðilum hefur sætt gagnrýni árum saman. Jafnframt hefur verið gagnrýnt að gefendur sleppi við nafnbirtingu í bókhaldi flokkanna þegar fjárframlögin fara í gegnum peningaklúbbana.

Flokkssjóður Venstre, flokks Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, hefur um árabil notið góðs af fjárframlögum frá Frjálslynda atvinnulífsklúbbnum. Nú hefur flokkurinn stofnað nýjan peningaklúbb, Frjálsa atvinnulífsfélagið. Fyrsti fundurinn verður haldinn í embættisbústað forsætisráðherrans, Marienborg.

**» Sú staðreynd að stjórnmálaflokkarnir geti notað lokaða klúbba til að fela háar fjárhæðir frá einkaaðilum hefur sætt gagnrýni.**

Danska útvarpsstöðin Radio24syv kveðst hafa undir höndum bréf Venstre til útvalins hóps manna þar sem þeim er boðin aðild að nýja félaginu. Árgjaldið er 20.000 danskar krónur sem jafngildir um 310 þúsundum íslenskra króna. Útvarpsstöðin greinir frá því að í boðinu um aðild standi að hagnaðurinn renni til flokksins.

Séu fjárframlög umfram 20 þúsund danskar krónur þurfa flokkarnir að birta nöfn gefenda.

Gagnrýnendur benda á að Marienborg sé embættisbústaður forsætisráðherra. Fulltrúi Einingarlistans, Maria Gjerding, segir það óásættanlegt að þar séu haldnir fjáröflunarviðburðir fyrir stjórnmálaflokk. Þetta sé til marks um að herða þurfi reglurnar.

Í skriflegu svari til útvarpsstöðvarinnar segir ritari Venstre, Claus Richter, að tilgangurinn með stofnun Frjálslynda atvinnulífsfélagsins sé að efla samræðurnar milli danskra samtaka, félaga og Venstre. Það gagnist öllum. Enginn geti keypt sér áhrif hjá flokknum. Ritarinn nefnir ekkert um þá staðreynd að halda eigi fyrsta fundinn í embættisbústað forsætisráðherrans.
**ibs@frettabladid.is**

# Stóra spurningin hvernig hægt er að fá fólk til að borða skordýr

**SAMFÉLAG** „Það er ekkert mál að matreiða skordýr og við vitum hvernig á að framleiða þau. Spurningin er hvernig við getum fengið fólk til að borða skordýr og hafa áhuga á þeim sem vöruflokki. Það er erfitt þegar lög og reglur banna þá iðju," segir Búi Bjarmar Aðalsteinsson en hann tekur þátt í umræðum í Norræna húsinu í kvöld um vestrænar hugmyndir um skordýraát.

Kvikmyndin Bugs, eftir danska leikstjórann Andreas Johnsen, verður sýnd á undan umræðunum og munu þeir Búi ræða um möguleikana sem felast í skordýraræktun og -áti.



**Gómsætt súkkulaði með skordýrum.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Undirliggjandi er að matarframleiðsla eins og hún er í dag gengur ekki alveg upp, ekki mikið lengur og það verður eitthvað að gerast. Í framtíðinni er matvælaframleiðsla úr skordýrum eitt af því sem vert er að skoða. Þetta verður á léttu nótunum þó þetta séu grafalvarlegar spurningar," segir Búi.

Að borða skordýr er ekkert nýtt en flestum í vesturheimi finnst það ógeðslegt og frekar ógeðfellt. „Fyrir mér lítur þetta þannig út, eftir því sem ég er búinn að skoða og rannsaka, að þetta snýst um matarmenningu. Við erum þjóð sem borðar súrsaða hrútspunga og kindahöfuð sem sviðin eru með logsuðutæki, við borðum hákarl og ýsu. Bragðið er ekkert til að hrópa húrra fyrir en það er menning í kringum fæðuna og því tilheyrir þetta okkar matarmenningu. Hvers vegna er ekki hægt að gera það sama með skordýr?

Búi segir að Ísland geti verið mjög framarlega í framleiðslu á matvælum úr skordýrum. Hér séu kjöraðstæður til þess. **- bbh**


iPERFORMANCE
BMW
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5
BMW X5 PLUG-IN HYBRID.
ALLTAF MEÐ FJÓRHJÓLA-
DRIFIÐ TENGT.
BMW X5 xDrive40e / VERÐ: 9.690.000 KR.
Nýi BMW X5 xDrive40e PLUG-IN HYBRID tengirafbíllinn sameinar nýjustu rafbílatækni og það besta sem völ er á í hefðbundinni vélartækni. Rafmótorinn er innbyggður í 8 þrepa sjálfskiptinguna sem tryggir fullkomna virkni xDrive fjórhjóladrifsins hvort sem bíllinn er í rafstillingu eingöngu eða knúinn bensínvél. Nýr BMW X5 xDrive40e skipar sér í hóp sparneytnustu jeppa í sama stærðarflokki með eldsneytisnotkun upp á einungis 3,3 l/100 km* í blönduðum akstri. Samanlagt skila rafmótorinn og bensínvélin 313 hestöflum.
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.
OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 12–16
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
ENNEMM / SÍA / NM80646
*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

## Guðrún kjörin formaður á ný

**SAMFÉLAG** Guðrún Hafsteinsdóttir var endurkjörin formaður Samtaka iðnaðarins á aðalfundi í gær. Guðrún verður því formaður Samtaka iðnaðarins fram til Iðnþings 2018.

Alls gáfu átta kost á sér til almennrar stjórnarsetu og var kosið um fjögur sæti. Þeir sem setjast í stjórn Samtaka iðnaðarins til næstu tveggja ára eru Katrín Pétursdóttir í Lýsi, Lárus Andri Jónsson í Rafþjónustunni, Ragnar Guðmundsson hjá Norðuráli og Sigurður R. Ragnarsson hjá Íslenskum aðalverktökum. – jhh



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins.

## Þjónusta fleiri hælisleitendur

**MANNRÉTTINDI** Forstjóri Útlendingastofnunar, borgarstjóri og dómsmálaráðherra undirrituðu í gær samning um þjónustu Reykjavíkurborgar við allt að 200 hælisleitendur. Samningurinn felur í sér stækkun á samningi sömu aðila frá 2015 sem kvað á um þjónustu borgarinnar við allt að 90 einstaklinga.

Í tilkynningu segir að Útlendingastofnun telji samkomulagið vera mikilvægan lið í því að treysta stoðir móttökukerfis umsækjenda um vernd hér á landi. – jhh

# Sextánfalda framleiðslugetuna

**Fyrirtækið geoSilica svarar aukinni eftirspurn með því að margfalda framleiðslugetuna við Hellisheiðarvirkjun. Selur á Amazon og stefnir á markað í Finnlandi og Þýskalandi. Höfuðstöðvarnar á Ásbrú.**

**ATVINNULÍF** Nýsköpunarfyrirtækið geoSilica á Ásbrú í Reykjanesbæ er að leggja lokahönd á framkvæmdir til að sextánfalda framleiðslugetu fyrirtækisins. GeoSilica framleiðir kísilsteinefni úr jarðhitavatni frá Hellisheiðarvirkjun, náttúrulegt steinefni í vökvaformi sem er selt á markaði fyrir heilsuvörur. Metsala hjá fyrirtækinu undanfarna mánuði kallaði á framkvæmdir.

Ágústa Valgeirsdóttir, verkefna- og viðskiptaþróunarstjóri geoSilica, segir að þegar sé byrjað að selja kísilsteinefni geoSilica hjá Amazon í Bandaríkjunum, og er fyrirtækið í viðræðum við nokkra aðra aðila um dreifingu á vörum fyrirtækisins erlendis – til dæmis í Finnlandi og Þýskalandi.

„Hlutirnir eru að gerast hratt hjá okkur. Við viljum tryggja að þegar okkur berst stór pöntun þá getum við brugðist við henni, sérstaklega frá erlendum mörkuðum. Við erum í raun að búa í haginn fyrir framtíðina,“ segir Ágústa.

Kísilsteinefnið, fyrsta vara geoSilica, kom fyrst á markað í lok árs 2014. Haustið 2012 hafði fyrirtækið fengið verkefnastyrk Tækniþróunarsjóðs, til að hefja vinnu við rannsóknir og þróun á vörunni. Sama ár hófst starfsemi við Hellisheiðarvirkjun til að nýta skiljuvatn virkjunarinnar. Sú starfsemi hefur farið fram í samstarfi við Orku náttúrunnar, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, en einnig fékkst styrkur frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og fleirum.




**Kísillinn sem geoSilica framleiðir er nauðsynlegur fyrir bein.**

Fyrirtækið hefur nú komið upp fjórum átta þúsund lítra tönkum sem tryggir fyrirtækinu næga framleiðslugetu bæði fyrir íslenskan og erlendan markað. Laga þurfti tankana að framleiðsluaðferðum geoSilica.

„Framleiðslan okkar er öll á Hellisheiði. Þar erum við með ný tæki sem við fjárfestum í líka og allt verður klárt á mánudaginn. Við erum við hliðina á skiljustöðinni á Hellisheiði og fáum vökvann beint frá virkjuninni – þegar við fáum hráefni okkar þá er það 120 gráðu heit gufa, sem fer í gegnum varmaskipti og er kæld. Í þessum tönkum bíður vatnið áður en við hefjum framleiðslu,“ segir Ágústa og bætir við að framleiðslugetan fyrir stækkun hafi verið um þúsund lítrar á tíu til fimmtán dögum.

„Það er svo fyrirtækið Pharma-Arctica á Grenivík sem tappar á fyrir okkur. Þetta er eina fyrirtækið á Íslandi sem er með lyfjavottaða ferla hjá sér og sér um frágang á mjög miklu af fæðubótarefnum, húðvörum og slíku hér á landi. Gæðaferlarnir hjá okkur krefjast þess að þau á Grenivík sjái um þennan hluta framleiðslunnar,“ segir Ágústa.

Markaðurinn fyrir heilsuvörur er gríðarstór. Kísillinn (silica) sem geoSilica framleiðir í vökvaformi mætir því harðri samkeppni sem ríkir á markaði fyrir fæðubótarvörur. Hins vegar sér fyrirtækið tækifæri í því að bjóða 100% náttúrulegt steinefni, en slíkar vörur eru ekki algengar í dag – hvað þá á drykkjarformi sem líkaminn á auðvelt með að vinna úr.

„Það eru margir að spá í uppruna vörunnar og hvernig hún nýtist við inntöku í líkamanum. Þar teljum við okkur vera sterk í samkeppni,“ segir Ágústa. svavar@frettabladid.is

### Háskólaverkefni fór á flug

- geoSilica var stofnað árið 2012 af Fidu Abu Libdeh og Burkna Pálssyni, ásamt Ögnum ehf., út frá lokaverkefnum Fidu og Burkna í orku- og umhverfistæknifræði við Háskóla Íslands.




- geoSilica hefur þróað tveggja þrepa framleiðsluaðferð á kísilsteinefni sínu. Í fyrra skrefinu er styrkur kísils í skiljuvatninu aukinn margtugfalt án þess að breyta efnasamsetningu þess að öðru leyti. Í seinna skrefinu er skiljuvatninu smám saman skipt út fyrir hreint grunnvatn af svæðinu þannig að lokaafurðin er mjög smásær kísill í hreinu grunnvatni.
- Í lok árs 2014 kom á markað fyrsta varan frá geoSilica en það er hágæða 100% náttúrulegt íslenskt kísilsteinefni í vökvaformi, tilbúið til inntöku.





TAKTU SPORIN HANS
ARONS HANNESAR
OG VERTU MEÐ
KÍKTU Á PEPSI MAX Á FACEBOOK OG LÆRÐU SPORIN HJÁ ARONI HANNESI. TAKTU UPP ÞÍN EIGIN OG SETTU Á INSTAGRAM EÐA Á FACEBOOK MEÐ #ARONHANNESPEPSIMAX ÞÚ GÆTIR UNNIÐ KIPPU AF PEPSI MAX EÐA EINKATÓNLEIKA MEÐ ARONI HANNESI.
pepsi
MAX
alvöru bragð
enginn sykur
pepsi
MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN



# Brothætt staða



**Hörður Ægisson**
hordur@frettabladid.is

Landsframleiðsla jókst um 7,2 prósent 2016. Nei, þetta eru ekki hagvaxtartölur fyrir Kína. Nýjar tölur sem Hagstofan birti í gær, sem sýna að hagvöxtur á Íslandi hefur ekki aukist meira á einu ári frá því 2007, eru einstakar í vestrænum samanburði. Alþjóðabankinn áætlar þannig að hagvöxtur í þróaðri ríkjum hafi verið um 1,6 prósent að meðtali í fyrra – og útlit er fyrir að Indland verði eina ríkið í heiminum með meiri hagvöxt en Ísland.

Vöxturinn hérlendis reyndist umfram væntingar sem skýrist af meiri íbúðafjárfestingu og auknum útflutningi. Þetta er góðs viti og til marks um að hagvöxturinn er – enn sem komið er – sjálfbær. Þótt einkaneysla hafi aukist um tæplega sjö prósent, sem er mesti árlegi vöxtur frá 2005, þá minnkaði hún sem hlutfall af landsframleiðslu og hefur sjaldan verið minni. Með öðrum orðum sjást þess engin merki að heimili séu að skuldsetja sig til að standa undir aukinni einkaneyslu. Þvert á móti heldur þjóðhagslegur sparnaður áfram að aukast.

Staðan er því á flesta mælikvarða með eindæmum góð. Ólíkt árunum í aðdraganda fjármálahrunsins 2008, þar sem vöxturinn í efnahagslífinu var drifinn áfram af erlendri skuldsetningu sem engin innistæða var fyrir, þá stafar hagvöxturinn í þetta sinn einkum af stöðugum vexti í útflutningstekjum og stórbættri skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Útlit er fyrir áframhaldandi mikinn viðskiptaafgang og erlend staða þjóðarbúsins hefur ekki verið betri í lýðveldissögunni.

Hættumerkin eru hins vegar, eins og ávallt, vitaskuld einnig fyrir hendi. Hin hliðin á þessum öra vexti, sem er síður æskileg til lengri tíma litið, er hin mikla og hraða gengishækkun krónunnar. Hún styrktist um liðlega tíu prósent gagnvart evru í febrúar þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi keypt gjaldeyri á sama tíma fyrir um 35 milljarða. Slík gengisstyrking – á aðeins fjórum vikum – er nánast fordæmalaus. Óþarfi er að fjölyrða um þau neikvæðu áhrif sem þessi þróun hefur fyrir rekstrarskilyrði útflutningsgreina landsins. Með sama framhaldi munum við enda með þessar atvinnugreinar laskaðar og harkaleg gengisleiðrétting verður óumflýjanleg.

Hvað er til ráða? Augljósasta skrefið er að afnema alfarið höft á heimili, fyrirtæki og lífeyrissjóði. Fram kom í máli fjármálaráðherra í gær að slíkra aðgerða væri að vænta, hugsanlega á næstu vikum. Það eru góð tíðindi. Meira þarf samt að koma til. Seðlabankinn ætti að lækka vexti og draga þannig úr miklum vaxtamun Íslands við útlönd. Það yrði til þess fallið að ýta undir erlenda fjárfestingu innlendra aðila og þannig vinna gegn styrkingu krónunnar. Þá þarf að nýta sterka gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins til að stofna sem fyrst stöðugleikasjóð, sambærilegan norska olíusjóðnum, sem myndi fjárfesta í erlendum eignum sem gæfu betri ávöxtun til lengri tíma. Með því að koma slíkum sjóði á fót væri hægt að draga úr miklum kostnaði Seðlabankans við að halda úti stórum gjaldeyrisforða og jafna sveiflur í gengi krónunnar. Fyrsta skrefið er hins vegar vaxtalækkun, að minnsta kosti um hálft prósentustig, sem Seðlabankinn hlýtur að tilkynna um á vaxtaákvörðunarfundi sínum í næstu viku.

**Fyrsta skrefið er hins vegar vaxtalækkun, að minnsta kosti um hálft prósentustig, sem Seðlabankinn hlýtur að tilkynna um á vaxtaákvörðunarfundi sínum í næstu viku.**

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðabæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

Halldór




## Frá degi til dags

**Ódýr auglýsing**
**Eftir viðtal Sindra Sindrasonar við Töru Margréti Vilhjálmsdóttur, formann samtaka um líkamsvirðingu, á mánudag, kallaði Hildur Lilliendahl, femínisti og verkefnisstjóri hjá borginni, Sindra Epalhomma. Sindri tók uppátækið ekki inn á sig samkvæmt dv.is, en margir aðrir tóku að sér að móðgast fyrir hans hönd eins og svo oft vill verða. En einn er sá sem var hæstánægður með uppnefnið úr smiðju Hildar, en það er Eyjólfur Pálsson, eigandi Epal. Ódýr auglýsing fyrir Eyjólf.**

**Epalkomminn**
**Annað orð hafði áður rutt sér til rúms og hafði tengingu við húsgagnaverslunina ágætu. Það var orðið Epalkommi, sem hefur kannski líka skotið upp í kollinn á einhverjum undanfarna daga. Gunnar Smári Egilsson fjölmiðlamaður hefur nefnilega lýst því yfir opinberlega að hann sé sósíalisti. Hann heldur stofnfund nýs félags, Frjálsrar fjölmiðlunar, nú um helgina. Þar er almenningi boðið að gefa pening til stuðnings fjölmiðlafyrirtæki Gunnars Smára, sem er raunar að stórum hluta í eigu eins ríkasta manns á Íslandi, Sigurðar Gísla Pálmasonar. Ef vel gengur með söfnunina og nægjanlegt fé safnast til að greiða laun starfsmanna fyrirtækisins geta þeir Sigurður Gísli og Gunnar Smári kannski skroppið í Epal fyrir aurinn sinn.**
**jonhakon@frettabladid.is**

# Áfengisfrumvarpið enn og aftur



**Guðmundur Edgarsson**
kennari og málmenntafræðingur

Undarleg þessi læti vegna nýja áfengisfrumvarpsins. Í takt við kröfur neytenda hefur ÁTVR bætt þjónustu vínbúða sinna og aðgengi svo um munar á undanförnum árum en svo þegar taka á næsta skref í þeirri þróun þá er lýðheilsa þjóðarinnar skyndilega í húfi og harmþrungnar raddir haldnar um brotnar fjölskyldur og skelfilegar afleiðingar áfengisdrykkju. Engu líkara er en að einmitt nú sé komið að þolmörkum: verði vínið selt inni í matvörubúðum frekar en í sérstökum verslunum steinsnar frá, oft undir sama þaki með og einu skilrúmi á milli, þá muni áfengisdrykkja landsmanna fara úr böndunum með tilheyrandi kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið.

Er nema von að menn spyrji: Af hverju hafa þeir, sem nú hafa sig mest í frammi gegn áfengisfrumvarpinu, ekki barist gegn stöðugt aukinni þjónustu ÁTVR og bættu aðgengi vínbúðanna undanfarin ár? Hvers vegna hefur fólk ekki stigið fram og krafist þess að dregið yrði rækilega úr þjónustunni, verð hækkað verulega, vöruúrval minnkað stórlega og útibúum fækkað svo um munaði?

**Andstæðingar áfengisfrumvarpsins hljóta að gera sér grein fyrir að engu breytir í heildarmyndinni hvort vín sé selt inni í kjörbúðinni eða hinum megin við vegginn.**

### Ótti við frelsi og einkaframtak?

Andstæðingar áfengisfrumvarpsins hljóta að gera sér grein fyrir að engu breytir í heildarmyndinni hvort vín sé selt inni í kjörbúðinni eða hinum megin við vegginn. Það sem raunverulega býr að baki neikvæðni þeirra hlýtur því að vera annars eðlis, t.d. rótgróin íhaldssemi, óþol gagnvart frelsisþenkjandi fólki eða dálæti á miðstýringu og ríkisrekstri. Því virðist sem gagnrýnendur frumvarpsins hafi í raun ekki tiltakanlegar áhyggjur af mögulegri fjölgun áfengissjúklinga heldur að einkavæðing áfengisverslunarinnar muni falla fólki jafn vel í geð og afnám bjórbannsins fræga sem bætti vínmenningu landsmanna svo um munaði þvert á allt svartagallsrausið. Fáum hefur dottið í hug að koma bjórbanninu á aftur. Enn færri hefur hugkvæmst að færa þjónustustig ÁTVR eða vöruúrval áratugi aftur í tímann. Þegar upp er staðið kann fólk nefnilega að meta frelsið. Kannski þar liggi hundurinn grafinn.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekki hjálpa

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ég þekki vel til ungrar stúlku sem ólst upp við það sem smábarn að vera stöðugt boðin aðstoð við allt mögulegt sem hún tók sér fyrir hendur. Þessi sífellda og óumbeðna aðstoð varð til þess að jafnvel áður en hún gat með orðum beðið um að borða eða drekka lærði hún að segja: „Ekki hjálpa.“

Þegar hún var niðursokkin í eitthvert dundur og sá annað foreldrið skyndilega nálgast—jafnvel þótt það væri úr dágóðri fjarlægð—hrökk hún við, herti svo svip sinn, rétti upp lófann eins og til þess að stöðva aðvífandi ökutæki og hrópaði með öllum þeim myndugleik sem er á valdi tæplega tveggja ára gamals barns: „Nei! Ekki hjálpa.“

**Þú ert of lítill**

Þetta er ekki óvenjulegt. Eftir að smábörn læra að segja „mamma“, „pabbi“ og „detta“ líður yfirleitt ekki á löngu þangað til þau eru farin að segja „ég get sjálf“. Þau eru—eins og ungviði allra dýra—áhugasöm um að læra að bjarga sér og reyna því af veikum en vaxandi mætti að framkvæma upp á eigin spýtur allar þær daglegu athafnir sem máli skipta í lífsbaráttunni.

Helsta fyrirstaðan sem börnin okkar mæta í þessum metnaði sínum eru foreldrarnir. Þegar lítil börn gera tilraunir til þess að drekka sjálf, hella í glös, borða með skeið, fara í skóna sína eða setja bíllykil í svissinn og reyna að stinga af undan ofríkinu, þá má bóka að foreldri vomi einhvers staðar yfir með yfirþyrmandi áhyggjur af því að barnið sulli niður, meiði sig eða sé einfaldlega of lengi að gera það sem það ætlar sér. Þetta er óþolandi fyrir börnin og það er sjaldan sem þau gráta sárar heldur en einmitt þegar foreldrarnir grípa fram fyrir hendurnar á þeim áður en þau gefast sjálf upp.

Þótt foreldrar fari oftast mjúklega að þessari afskiptasemi þá telja jafnvel örlítil kríli sig sjá í gegnum þau. Börnin taka hjálpinni sjaldnast vel og líta aldrei þannig á að góður hugur eða gæska sé á bak við þessa óumbeðnu aðstoð. Þvert á móti þá grunar mig að heilarnir í þessum litlu hausum séu bullsjóðandi af heiftúðugum samsæriskenningum um raunverulegan tilgang foreldranna með „hjálpseminni“.

Pínulítil börn eiga það jafnvel til að beita því óyndisúrræði að láta sem minnst fyrir sér fara til þess að fá frið fyrir afskiptaseminni. Foreldrar eru þá fljótir að kveikja á perunni og álykta undantekningarlaust—og réttilega—að barnið sé að gera eitthvað sem það „ætti ekki að vera að gera“.

Þegar foreldrarnir koma svo loks að barninu sallarólegu að klippa sundur myndaalbúm og peningaseðla—og grípa í taumana með tilheyrandi æsingi og formælingum—þá verður barnið ekki bara hrætt, heldur hundsvekkt yfir að ekki hafi tekist að leika á fangaverði umhyggjufangelsisins.

**Ræktum í okkur þrjóskuna**

Þegar við eldumst lærum við að það er okkur öllum nauðsynlegt að læra að þiggja hjálp annarra og að veita öðrum hjálp án skuldbindingar. En því miður þá eigum við líka til, eftir því sem við fullorðnumst, að bæla niður í okkur hina eðlislægu þörf til þess að reyna til þrautar sjálf áður en við biðjum um hjálp. Þar með kæfum við þann eiginleika sem einna mestu ræður um hvernig okkur gengur að takast á við lífsins þrautir. Það er nefnilega einungis með því að takast á við sífellt erfiðari verkefni, og gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana, sem okkur tekst smám saman að öðlast færni og skilning á flóknum viðfangsefnum.

> **Þegar við mætum fyrirstöðu í lífinu ættum við að taka litlu börnin til fyrirmyndar og segja fyrst „ekki hjálpa“ og sjá hversu langt við komumst af eigin rammleik. Það er oftast lengra en við héldum.**

En jafnvel þrátt fyrir góðan vilja þá getum við ekki allt. Okkur eru gefnir ólíkir kostir og öll þurfum við að kljást við ýmsa annmarka. Við þurfum líka öll að mæta óréttlæti, heimsku og tillitsleysi—þótt vissulega sé það í mjög mismiklum mæli. Og öll njótum við einhverra forréttinda og forgjafar; og öll stöndum við á ýmsum sviðum höllum fæti.

Við áttum okkur á því smám saman að engum tekst að láta alla drauma sína rætast. En það þýðir svo sannarlega ekki að við séum ekki öll fær um að láta suma þeirra verða að veruleika.

**Að finna sitt strik**

Það er sama í hverju afrek og árangur lífsins er fólginn—það er líklegt að fólkið sem nær að kreista sem mest út úr lífinu eigi það sameiginlegt að láta frekar styrkleika sína og kosti skilgreina sig en sé ekki of upptekið af veikleikum sínum eða því hversu óréttlátt lífið getur verið. Og líklega er einnig hollast að kæra sig mest kollóttan um hvað öðrum kann að finnast um mann.

Þeir eru eflaust ekki margir sem hafa velt fyrir sér spurningunni: „Hvað ætli Megas taki mikið í réttstöðulyftu?“ Þetta er vegna þess að það skiptir nákvæmlega engu máli. Og það er algjörlega óhugsandi að Megas hafi áhyggjur af því hvað öðrum kann að finnast um getu hans í ólympískum lyftingum. Maður þarf ekki að vera fullkominn til að öðlast fullkomnun.

Það stendur í valdi okkar sjálfra að gera það sem við getum til þess að verða hamingjusamir einstaklingar og gagnlegir fyrir fjölskyldur okkar, vini og samfélag. Og það er líka skylda okkar að leita stuðnings og hjálpar til þess að ná því markmiði þegar við þurfum á því að halda.

**Innri og ytri hindranir**

Utanaðkomandi hindranir eru oftast ekki það sem þvælist mest fyrir okkur. Það er nefnilega oftast ekki þrátt fyrir erfiðleika sem fólk finnur sitt rétta strik í lífinu; heldur einmitt vegna þeirra.

Vissulega þurfum við oft hjálp—og það er nauðsynlegt að vera fær um að þiggja af auðmýkt og með þakklæti stuðning og leiðsögn annarra—en það er ekki síður mikilvægt að við ræktum þann innbyggða járnvilja sem okkur er gefinn til þess að reyna sjálf að sigrast á því mótlæti sem lífið lætur okkur þola.

Þegar við mætum fyrirstöðu í lífinu ættum við að taka litlu börnin til fyrirmyndar og segja fyrst „ekki hjálpa“ og sjá hversu langt við komumst af eigin rammleik. Það er oftast lengra en við héldum.

# Kobbi krókur og réttarríkið



Sigurður Árni Þórðarson
kirkjuþingsmaður

Þegar Guðný selur Karli húsið sitt er gerður um söluna samningur um kaupverð, afhendingartíma og hvernig greiðslu skuli háttað. Svo fær kaupandinn eignina og ber að greiða á tilsettum tíma. En hvað gerist ef Karl kemst að þeirri niðurstöðu að hann sé bara búinn að borga nóg og vilji ekki borga meira? Ef hugdettan er ekki í samræmi við samninginn verður Guðnýju væntanlega ekki skemmt. Samningar eru samningar og við þá verður að standa hvað svo sem fólki finnst einhverjum árum eftir að samningar eru gerðir. Ef ekki er staðið við samninga þarf að endursemja eða leiða vanefndir til lykta fyrir dómstólum. Við viljum flest að eignarréttur haldi og réttarríki blómstri.

Píratar hafa lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að ríkið segi upp gildum samningi við þjóðkirkjuna. Risastórt eignasafn hennar var endanlega afhent ríkinu árið 1997. Ríkið tók við þessum eignum og samdi við þjóðkirkjuna um endurgjald fyrir og þeir samningar eru lagalega fullgildir. En nú finnst Pírötum að búið sé að borga nóg og ríkið eigi bara að hætta að borga. Rifta eigi samningnum en ríkið eigi samt að halda eignunum. Ef dæmið af Guðnýju og Karli er notað leggja þeir til að Karl hætti að borga Guðnýju af því honum finnist hann vera búinn að borga nóg. Með málflutningi sínum leggja Píratar til að farnar verði aðrar leiðir en gert er ráð fyrir í réttarríki. Þeim finnst að ríkið eigi að hætta að borga en halda samt „húsinu“. Í hvaða stöðu er kirkjan sett? Hún framseldi ríkinu eignirnar til að kosta laun prestanna. Greiðsla ríkisins er ekki ríkisframlag heldur endurgjald vegna kaupa á eignum þjóðkirkjunnar. Samningur um verð gildir óháð duttlungum eða síðari tíma tilfinningum.

**Heilindi af beggja hálfu**

Samningur ríkisins og þjóðkirkjunnar var gerður með fullri meðvitund og heilindum af beggja hálfu. Enginn skyldi kasta rýrð á samningamennina. Það var vissulega erfitt að meta verðgildi eignanna en sátt var um matið. Allt eignasafnið var góður hluti jarðeigna í landinu og eignirnar voru og eru verðmiklar. Hvernig á að meta eign Garðakirkju nú, þ.e. landið undir öllum Garðabæ? Hvernig á að meta land undir öllum húsum í Borgarnesi, land Borgarkirkju? Hvernig metum við verðmæti Þingvalla – þó ekki sé nema kristalstært vatnið í Þingvallahrauni? Síðan má meta kirkjujarðir um allt land út frá veiðitekjum, náttúrugæðum ýmiss konar, virkjana- og ferðaþjónustumöguleikum.

Tillaga Pírata varðar að samningur réttarríkisins gildi ekki gagnvart kirkjunni. En það er mikilvægt að ríki og þjóðkirkja tali saman um þessar eignir og afgjald. Ef meirihluti þjóðar og þings vill rifta þessum samningi þarf að ræða um hvernig það verði gert. Samningurinn varðar ekki aðskilnað ríkis og kirkju. Þjóðkirkjan er frjáls og að mestu óháð ríkinu og ríkið vill hafa sem minnst afskipti af henni. Svo fremi sem hún er ekki hlunnfarin getur þjóðkirkjan séð um eigin rekstur með greiðslum sem henni ber skv. samningnum og ríkisvaldið – eða með því að ríkið skili eignunum eða verðmæti þeirra til kirkjunnar að nýju.





Brandenburg / SIA




Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / 568 7733 / epal.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT




**Mikill fögnuður braust út í Seljaskóla eftir að leik ÍR og Keflavíkur lauk. Breiðhyltingar verða með í úrslitakeppninni í fyrsta sinn í sex ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vonbrigði hjá Njarðvíkingum

Lokaumferð Domino's-deildar karla í körfubolta fór fram í gær. ÍR og Þór Ak. tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni en Njarðvíkingar sátu eftir með sárt ennið eftir tap í Þorlákshöfn. Stjarnan tók 2. sætið af Tindastóli.

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík verður ekki með í úrslitakeppni efstu deildar karla í fyrsta sinn síðan 1993 en það varð ljóst eftir tap liðsins í Þorlákshöfn í gær, 83-70. Logi Gunnarsson skoraði 27 stig fyrir gestina og var langbesti maður liðsins en fékk ekki það framlag sem þurfti frá liðsfélögum sínum í leiknum.

„Ég spilaði mitt fyrsta tímabil fyrir Njarðvík árið 1997 og hef alltaf verið að minnsta kosti í undanúrslitum. Maður hefur unnið marga titla og það er erfitt að kyngja þessu,“ sagði Logi í samtali við Fréttablaðið eftir leik.

Hann sagði að það hefði verið liðinu dýrkeypt að byrja tímabilið illa, eins og Njarðvíkingar gerðu. Daníel Guðni Guðmundsson, þjálfari liðsins, tók undir það.

„Það hefði verið allt annað að vera með þetta lið sem spilaði í kvöld frá upphafi tímabils. Það voru hrókeringar í haust sem voru erfiðar,“ sagði Daníel.

Maciej Baginski og Ólafur Helgi Jónsson, báðir uppaldir Njarðvíkingar, áttu góðan leik fyrir Þór Þorlákshöfn í gær og voru sínu gamla liði erfiðir. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Þórs, er sömuleiðis Njarðvíkingur og fannst súrt fyrir hönd gömlu félaganna að þeir væru nú úr leik.

„Þó svo að Logi [Gunnarsson] verðskuldi gott frí fyrir allan sinn dugnað þá á hann ekki skilið að fara í sumarfrí svona snemma. En ég er auðvitað stoltur og glaður með mitt lið. Okkur tókst í síðustu tveimur umferðunum að vinna lið sem voru að berjast fyrir lífi sínu og það er gott veganesti í úrslitakeppnina,“ sagði Einar Árni.

Það var gríðarleg stemning í Seljaskóla þar sem ÍR tók á móti Keflavík. Leikurinn var frábær skemmtun og stemningin í húsinu rafmögnuð. Amin Stevens tryggði Keflavík framlengingu þegar hann setti niður tvö vítaskot eftir að leiktíminn rann út.

Í framlengingunni reyndust ÍRingar sterkari og lönduðu eins stigs sigri, 88-87. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2011 sem ÍR kemst í úrslitakeppnina og fögnuðurinn var mikill í leikslok.

„Ef við ætlum að fara alla leið, verðum við að sigra bestu liðin. Við getum alveg eins gert það í átta liða úrslitum, undanúrslitum eða úrslitum. En það er einn leikur og ein umferð í einu,“ sagði Sveinbjörn Claessen, fyrirliði ÍR, eftir leik.

Í 8-liða úrslitunum mæta ÍRingar Stjörnumönnum sem stálu 2. sætinu af Tindastóli sem tapaði fyrir Haukum. Stólarnir mæta Keflvíkingum í 8-liða úrslitunum. Deildarmeistarar KR mæta Þór Ak. og Grindavík og Þór Þ. eigast við í hörkurimmu. **– esá**

## KR deildarmeistari fjórða árið í röð




**Brynjar Þór Björnsson tók við deildarmeistarabikarnum í gær.**

## Þessi lið mætast í úrslitakeppninni í ár

Úrslitakeppni Domino's-deildar karla í körfubolta hefst þann 15. mars og munu eftirtalin lið eigast við í 8 liða úrslitunum. Þrjá sigra þarf í rimmunni til að komast áfram í undanúrslitin.

KR – Þór Ak.

Tindastóll – Keflavík

Stjarnan – ÍR

Grindavík – Þór Þ.

## Nýjast

### Dominos-deild karla

**ÍR - Keflavík 88-87**
**Stigahæstir:** Matthías Orri Sigurðarson 30/7 fráköst/6 stoðsendingar, Quincy Hankins-Cole 21/12 fráköst - Amin Khalil Stevens 29/19 fráköst, Guðmundur Jónsson 13.

**Þór Ak. - Snæfell 89-62**
**Stigahæstir:** George Beamon 30/8 fráköst, Sindri Davíðsson 13, Tryggvi Snær Hlinason 11/13 fráköst - Árni Elmar Hrafnsson 15, Christian David Covile 14/6 fráköst.

**KR - Stjarnan 73-78**
**Stigahæstir:** Brynjar Þór Björnsson 15, Pavel Ermolinskij 14/11 fráköst - Anthony Odunsi 19/8 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 13, Eysteinn Bjarni Ævarsson 13/8 fráköst.

**Haukar - Tindastóll 77-74**
**Stigahæstir:** Cedrick Taylor Bowen 19/8 fráköst, Emil Barja 10 - Antonio Hester 19/7 fráköst/6 stoðsendingar/6 stolnir, Pétur Rúnar Birgisson 17/7 stoðsendingar.

**Grindavík - Skallagr. 101-89**
**Stigahæstir:** Lewis Clinch Jr. 25/10 fráköst/8 stoðsendingar, Ingvi Þór Guðmundsson 18 - Flenard Whitfield 50/12 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 16/10 fráköst.

**Þór Þ. - Njarðvík 83-70**
**Stigahæstir:** Tobin Carberry 22/10 fráköst, Maciej Stanislav Baginski 16/8 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 16 - . Logi Gunnarsson 27, Myron Dempsey 18/8 fráköst.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| KR | 34 | ÍR | 22 |
| Stjarnan | 32 | Þór Ak. | 22 |
| Tindastóll | 30 | Njarðvík | 20 |
| Grindavík | 26 | Haukar | 18 |
| Þór Þ. | 24 | Skallagrím. | 14 |
| Keflavík | 22 | Snæfell | 0 |

### Olís-deild karla

**ÍBV - FH 30-21**
**Markahæstir:** Theodór Sigurbjörnsson 8/1, Agnar Smári Jónsson 6, Kári Kristjánsson 4, Sigurbergur Sveinsson 4 - Þorgeir Björnsson 5, Óðinn Þór Ríkharðsson 5.

**Stjarnan - Fram 28-27**
**Markahæstir:** Ólafur Gústafsson 6, Ari Magnús Þorgeirsson 5, Garðar B. Sigurjónsson 4/3 - Arnar Birkir Hálfdánsson 6, Sigurður Örn Þorsteinsson 6.

**Selfoss - Afturelding 25-26**
**Markahæstir:** Elvar Örn Jónsson 10, Teitur Örn Einarsson 6 - Elvar Ásgeirsson 6, Árni Bragi Eyjólfsson 4/3, Guðni Már Kristinsson 4, Ernir Hrafn Arnarson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 30 | Stjarnan | 19 |
| FH | 28 | Selfoss | 18 |
| ÍBV | 27 | Grótta | 16 |
| Afturelding | 27 | Fram | 15 |
| Valur | 21 | Akureyri | 15 |

### Evrópudeild UEFA, 16-liða úrslit

| | |
|---|---|
| APOEL | 0–1 Anderlecht |
| FCK | 2–1 Ajax |
| Rostov | 1–1 Man Utd |
| Celta Vigo | 2–1 Krasnodar |
| Gent | 2–5 Genk |
| Lyon | 4–2 Roma |
| Olympiacos | 1–1 Besiktas |
| Schalke | 1–1 Gladbach |

JAFNT Í RÚSSLANDI
Manchester United gerði 1-1 jafntefli við Rostov á útivelli í fyrri leik liðanna í 16-liða úrslitum Evrópudeildarinnar í gær. Henrikh Mkhitaryan kom United yfir á 35. mínútu eftir sendingu frá Zlatan Ibrahimovic en Aleksandr Bukharov jafnaði metin eftir sjö mínútna leik í seinni hálfleik.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.50 | Víkingur R. - Keflavík | Sport |
| 19.00 | Valspar Ch. | Golfstöðin |
| 19.40 | Brighton - Derby | Sport 2 |
| 01.00 | Timberw. - Warriors | Sport |




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Ekkert gefið eftir. Sunna og Calderwood taka hraustlega á því. Þær hafa verið að æfa tvisvar á dag síðustu daga og þeim finnst fátt skemmtilegra en að æfa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vinkonurnar elska að berjast

**Sunna Rannveig Davíðsdóttir og Joanne Calderwood eru fyrstu atvinnubardagakonurnar í sínum heimalöndum. Þær tala vel hvor um aðra og Calderwood telur að Sunna geti barist hjá UFC-bardagasambandinu.**

**MMA** Sunna Rannveig Davíðsdóttir, sem kallar sig Sunnu „Tsunami“, æfir af krafti þessa dagana fyrir annan atvinnumannsbardaga sinn sem fer fram þann 25. mars næstkomandi. Hún hefur fengið góða aðstoð við æfingarnar þar sem hin skoska Joanne „JoJo“ Calderwood hefur æft með henni síðustu daga.

JoJo barðist hjá Invicta-bardagasambandinu á sínum tíma en er nú komin í UFC þar sem hún er í sjöunda sæti í strávigt kvenna. Sunna keppir í Invicta og stefnir sömu leið og Calderwood. Því er ekki ónýtt að fá aðstoð og leiðsögn frá þeirri skosku.

Ég settist niður með þeim báðum í glæsilegum húsakynnum Mjölnis í Öskjuhlíðinni og ræddi við þær um lífið í bardagaheiminum.

### Eru svipaðar týpur

„Ég var að vonast til að keppa á sama bardagakvöldi og Gunnar Nelson í London en það gekk því miður ekki upp. Ég var mjög vonsvikin yfir að komast ekki inn þar og það sem er erfitt í þessum bransa er að vita ekki hvenær maður berst næst. Þetta er atvinnan manns sem maður treystir á,“ segir Calderwood sem var þó hæstánægð með að koma til Íslands og hún átti ekki til orð til að lýsa því hversu hrifin hún væri af æfingaaðstöðunni í Öskjuhlíðinni.

Sunna og Calderwood virðast ná mjög vel saman, þær voru ekkert ragar við að tala fallega hvor um aðra og skiptust á að roðna við hrósið.

„Við erum svipaðar týpur. Rólegar og glaðar stelpur. Við náðum strax vel saman,“ segir JoJo og brosir en þær eiga það sameiginlegt að vera báðar ákaflega viðkunnanlegar.

„JoJo hjálpaði mér þegar ég barðist á sínum tíma í Skotlandi. Var í horninu hjá mér og mamma hennar kom sérstaklega til þess að greiða á mér hárið fyrir bardagann,“ segir Sunna og báðar hlæja dátt er þær rifja þessa skemmtilegu stund upp.

### Sunna er til fyrirmyndar

Þær stöllur eiga ýmislegt sameiginlegt. Til að mynda er Calderwood fyrsta skoska atvinnukonan í MMA og Sunna sú fyrsta íslenska. Eins og áður segir er Calderwood búin að feta þá slóð sem Sunna er nú á. Hefur hún einhver góð ráð fyrir okkar konu?

„Ég var mjög glöð þegar ég heyrði að Sunna væri komin í Invicta. Það er frábært bardagasamband sem kemur mjög vel fram við fólkið sitt. Það kom mér ekkert á óvart að Sunna færi þar inn enda mjög góð bardagakona. Hún er sjálfri sér til sóma og er góður fulltrúi Íslands. Ef ég ætti að gefa henni góð ráð þá væri það að halda áfram að vera hún sjálf og æfa áfram af krafti eins og hún hefur alltaf gert. Mikilvægast af öllu er að vera glöð og njóta vegferðarinnar,“ segir Calderwood og þær hlæja svo í kór. Sunna segist hafa lært mikið af hinni skosku stöllu sinni.

„Hún er frábær fyrirmynd,“ segir Sunna og JoJo skýtur því inn að nú megi Sunna tala íslensku svo hún verði ekki of vandræðaleg. Sunna er fljót að hafna því.

### Glaður bardagamaður er hættulegur bardagamaður

„Hún hefur kennt mér að vera alltaf jákvæð og njóta. Njóta hverrar stundar. Glaður bardagamaður er hættulegur bardagamaður. JoJo er frábær bardagakona og ég var löngu byrjuð að fylgjast með henni áður en hún kom til Íslands og við kynntumst. Höggin hennar eru svo mögnuð og hún er með allt vopnabúrið. Hún átti flottan Muay Thai-feril áður en hún fór í MMA og er ansi mögnuð.“



Vinkonur. JoJo og Sunna æfa saman í tíu daga í æfingahúsnæði Mjölnis. Sunna verður tilbúin fyrir næsta bardaga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það myndi henta Sunnu vel að vera í UFC því hún er alltaf tilbúin og alltaf í æfingu. Ég veit að hún yrði klár fyrir UFC.
>
> Joanna Calderwood

Þær eru frumherjar í sínum löndum en hvað er það við blandaðar bardagalistir, eða MMA, sem þeim finnst vera svona heillandi? Af hverju berjast þær?

### Þakklát fyrir tækifærin

„Við elskum að berjast,“ segir Sunna ákveðin og JoJo tekur svo við. „Heimurinn getur verið erfiður staður af mörgum ástæðum. Það eru tilfinningar, fólk er úttaugað af ýmsum ástæðum og annað. Bróðir minn dró mig með í þetta og ég fékk fljótlega bakteríuna. Ég get slökkt á mér og slakað á þegar ég æfi. Ég er mjög þakklát fyrir þau tækifæri sem ég hef fengið. Ég sá þetta ekki fyrir,“ segir Calderwood. Sunna kinkar kolli áður en hún tekur við keflinu á ný.

„Maður byrjar á því að kýla púðana og svo tengist maður fólki. Þá fer maður að glíma við fólk sem maður er búinn að kynnast. Maður kynnist miklu af góðu fólki í þessum heimi. Þetta verður svo að lífsstíl. Við elskum hann báðar. Maður fær að æfa um allan heim og kynnast mörgu fólki. Það skiptir ekki máli hvað er að gerast í lífinu. Maður skilur allt eftir í dyragættinni þegar maður gengur inn í æfingasalinn og það er góð tilfinning. Það eru allir jafnir í æfingasalnum.“

### Gæti komist fljótt í UFC

Calderwood líst vel á standið á Sunnu og efast ekki um að hún eigi eftir komast eins langt og hún vill. Sunna hefur ekki farið leynt með að hún stefnir á að keppa fyrir UFC.

„Tækifærið gæti komið hvenær sem er. Það myndi henta henni vel að vera í UFC því hún er alltaf tilbúin og alltaf í æfingu. Í UFC vantar oft andstæðing með skömmum fyrirvara. Sunna gæti alltaf stokkið inn og ég veit að hún yrði tilbúin. Hún gæti þess vegna dottið inn í UFC eftir næsta bardaga sinn hjá Invicta,“ segir Calderwood en gætu þær hugsað sér að mæta hvor annarri í búrinu?

„Ég myndi alls ekki vilja mæta henni,“ segir Sunna en spurningin virtist koma flatt upp á þær og greinilega er takmarkaður áhugi hjá þeim vinkonunum að mætast.

„Ég hef verið aðdáandi þinn lengi og elska hvernig þú berst. Ég hafði lesið um þig og horft á þig lengi áður en við hittumst. Það var því mikill heiður að hitta þig loksins og ég er svo ánægð með að við séum góðir vinir. Alltaf þegar við hittumst er eins og við höfum síðast sést í gær,“ segir Sunna og JoJo kinkar kolli vinalega.

### Prófa allt einu sinni

Það eiga klárlega fleiri stelpur eftir að feta í fótspor þeirra í framtíðinni en hvaða ráð gefa þær þeim stelpum sem eru að spá í að fara í MMA?

„Bara drífa sig í æfingasalinn og byrja að æfa. Ég þekkti engan þegar ég byrjaði. Maður á að gera það sem maður vill gera í lífinu,“ segir Sunna og Calderwood segir mikilvægt að prófa allt einu sinni.

„Ekki vera hrædd við að prófa nýja hluti. Þú veist aldrei hvernig það gæti endað.“ henry@frettabladid.is

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 10. MARS 2017



# Með Íslendinga um heimsins höf



Harpa Ómarsdóttir hefur mikinn áhuga á tísku og veit fátt skemmtilegra en að skoða Pinterest.
Lífsstíll →4

**Þóra Björk Valsteinsdóttir er búsett í Aþenu en ferðast með Íslendinga um heimsins höf sem fararstjóri. Þóra hefur starfað sem fararstjóri í þrjátíu ár. Siglingar hafa verið hennar sérsvið.**

**Elín Albertsdóttir**
elina@365.is



Þóra hefur starfað fyrir grískar, enskar og íslenskar ferðaskrifstofur. Margir Íslendingar þekkja hana eftir margvísleg ferðalög um heiminn. Þóra og eiginmaður hennar, Makis Tsoukalas, reka ferðaskrifstofu í Aþenu og bjóða upp á fjölbreyttar ferðir um meginland Grikklands og grísku eyjarnar. Þóra segir að það hafi verið tilviljun að hún gerði fararstjórn að ævistarfi sínu. „Ég var að leita mér að vinnu í Aþenu. Maðurinn minn þekkti til í ferðaskrifstofubransanum og sendi mig í atvinnuviðtal hjá ensk/amerískri ferðaskrifstofu sem hét Cosmos. Það voru 300 stúlkur sem sóttu um starfið og ég var valin. Ég hafði þá lokið námi í grísku við háskólann í Aþenu sem hugsanlega hafði áhrif auk þess sem ég var með enskuna. Ég starfaði fyrir Cosmos á landi og í siglingum. Ég fór til dæmis mikið í sjö daga siglingar til Egyptalands og Ísraels. Einnig sigldum við mikið um Eyjahafið, á milli grísku eyjanna. Farþegar voru Bandaríkjamenn, Englendingar og Ástralar," segir Þóra. „Þetta var ákaflega skemmtilegt og ég fann mig strax í þessu starfi," bætir hún við. Þóra ákvað síðan að bæta við

**Framhald á síðu 2 →**

**Framhald af forsíðu ➪**

sig sagnfræði í Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum sem hefur gagnast henni vel í starfinu.

**Fallegasti staður í heimi**
Þóra var búin að starfa í tæp fimm ár hjá Cosmos þegar Samvinnuferðir-Landsýn fóru að bjóða ferðir til gríska sumarleyfisstaðarins Vouliagmeni. „Þetta er dásamlegur staður rétt fyrir utan Aþenu. Fararstjórar voru Helga Hannesdóttir sem er góð vinkona mín og Hlín Agnarsdóttir leikstjóri. Eitt sumarið vantaði fararstjóra og ég hugsaði með mér að það væri gaman að vinna með Íslendingum. Það varð úr og ég starfaði í nokkur ár hjá Samvinnuferðum-Landsýn yfir sumartímann. Ég naut þess mjög að vera með Íslendingum og ég held að þeir hafi ekki síður notið þess að koma til Vouliagmeni. Ég á heima í næstu vík frá þessum stað sem nefnist Varkiza. Mér finnst þetta einn af fallegustu stöðum í heimi,“ segir Þóra. „Það má geta þess að íslensk kona átti tvö hótel í Vouliagmeni og Íslendingar gistu gjarnan hjá henni.“

Þóra segir að margt hafi breyst í Vouliagmeni, litlu hótelunum var lokað en nú hafa risið þar glæsihótel. „Ég hef sagt fólki sem leitar til mín að fara á þennan stað,“ segir Þóra sem tók sér frí frá fararstjórn þegar Samvinnuferðir lögðu upp laupana. „Þá eignaðist ég börnin mín tvö, Valstein Konstantín og Kristínu Krisúlu, með árs millibili. Ég var heima með þau í níu ár en þá byrjaði ég að vinna fyrir Úrval Útsýn á Krít. Þess má geta að Kristín Krisúla spilar með gríska landsliðinu í sundknattleik en liðið hefur orðið heimsmeistari og lék á Ólympíuleikunum í Peking 2008 þar sem íslenska handknattleiksliðið átti sigurleiki. Þóra var einmitt viðstödd og fylgdist með löndum sínum sem og dóttur sinni. Þóra var hins vegar fararstjóri Íslendinga á Ólympíuleikunum í Aþenu árið 2004.

**Gerðist au pair**
Ástæða þess að Þóra settist að í Aþenu er ekki bara ást hennar á borginni. Eftir stúdentspróf úr MH fór Þóra ásamt vinkonu sinni, Aðalbjörgu Ingadóttur sem nú er aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla, í Interrail-ferðalag um Evrópu. „Áður en við fórum í ferðina höfðum við séð kvikmyndina Zorba á kvikmyndahátíð í Reykjavík. Við fengum einhverja Grikklands-bakteríu í okkur með þessari mynd. Faðir minn hafði flutt saltfisk til Grikklands og þekkti þar eiginkonu konsúlsins, Emilíu Kofoed-Hansen, og bað hana að fylgjast með okkur. Hún gerði það aldeilis því hún bauð mér að gerast au pair hjá sér. Ég gætti barna þeirra hjóna og Alla, vinkona mín, fékk vinnu skammt frá. Við vorum þarna í einn vetur og það var ógurlega skemmtilegur tími.

**Örlögin ráða ferð**
Við fórum síðan heim en ég vann í þremur vinnum um sumarið til að safna mér fyrir námi í grísku í háskólanum í Aþenu. Þar með lét ég drauminn rætast,“ segir Þóra en þegar hún sneri aftur kynntist hún Makis sem síðar varð eiginmaður hennar. Örlögin tóku því í taumana. „Þá varð ekki aftur snúið,“ segir Þóra og hlær. „Ég fékk frábæran kennara í grísku og var fljót að komast inn í málið. Seinna ákvað ég að læra spænsku líka og get því bjargað mér í latneskum málum,“ segir Þóra og viðurkennir að það hafi ekki verið auðvelt fyrir alla þegar hún ákvað að setjast að í Aþenu.

„Ég er einkabarn foreldra minna og þetta var erfitt fyrir þau. Ég var ástfangin upp fyrir haus og það komst ekkert annað að,“ segir Þóra og bætir við að það sé langt síðan þau tóku tengdasoninn í sátt. „Þegar ég starfaði sem fararstjóri á Krít kom mamma út og hugsaði um börnin mín. Krít er yndislegur staður, eyjarskeggar eru gestrisnir og taka öllum vel. Þetta er fögur eyja,“ segir Þóra sem finnst Íslendingar einblína of mikið á Spán sem ferðamannastað. „Þeir ættu að horfa meira til Grikklands.“

**Hrunið erfitt**
Þóra segir að margt hafi breyst við hrunið, bæði á Íslandi og í Grikklandi. „Íslendingar hættu að koma til Krítar svo það var ekki mikla vinnu að hafa. Síðan rættist úr. Sérferðir, eins og siglingar, urðu vinsælar á Íslandi. Ég hef unnið fyrir Bændaferðir og Vita og það hefur verið ánægjulegt að sjá að fólk er farið að ferðast aftur. Ísland virðist vera á góðri siglingu en í Grikklandi er ekkert að gerast. Hrunið varð 2010 í Grikklandi en þar sem enginn hagvöxtur er í landinu gerist ekki mikið. Ástandið er erfitt og skattar háir. Margir eru að sligast undan þeim. Á meðan ekkert er hugsað um uppbyggingu atvinnuvega gerist ekkert,“ segir Þóra. „Það vantar ekki loforðin en þau eru öll svikin. Þrátt fyrir að fólk sé þreytt á ástandinu gengur lífið sinn vanagang og ferðamönnum hefur fjölgað um margar milljónir. Það koma yfir 20 milljónir ferðamanna til Grikklands á ári hverju og það bjargar efnahagnum, líkt og gerst hefur á Íslandi. Túrisminn eykur atvinnumöguleika á sumrin. Launin eru að vísu lág en það er ódýrt að lifa í Grikklandi. Við finnum auðvitað eins og aðrar þjóðir að það er alltaf að verða meiri munur á þeim ríku og fátæku. Lúxusinn blasir þó hvarvetna við, risasnekkjur og seglskútur sigla á milli eyjanna. Maður skilur ekki alveg þessar miklu andstæður. Við vitum líka að svart hagkerfi blómstrar í landinu.“

**Umhverfis jörðina**
Þegar Þóra er spurð hvort hún hafi ekki ferðast um allan heim, svarar hún. „O, jæja, það eru nú einhverjir staðir eftir, til dæmis Suður-Ameríka og Suður-Afríka. Mig langar líka til að ferðast meira um Bandaríkin einhvern tíma. Þegar maður starfar við ferðalög er alltaf voða gott að koma heim til sín á milli,“ segir hún.

„Mér þykja siglingar á skemmtiferðaskipi ljúfur og góður ferðamáti. Þetta er eiginlega fljótandi þorp þar sem allt er til alls,“ segir Þóra. Í haust fer hún með hóp Íslendinga umhverfis jörðina í siglingu frá Hawaii til Nýja-Sjálands og Ástralíu með viðkomu á Tahítí og Bora Bora. Þóra segist hlakka mikið til þeirrar ferðar en hún seldist upp um leið og hún var auglýst. „Það hefur aukist svakalega mikið að Íslendingar fari í siglingar,“ segir hún. „Enda er æðislegt að vakna í nýju landi á hverjum degi,“ segir Þóra sem fór nýlega með hóp Íslendinga í siglingu frá Hong Kong til Víetnam, Taílands og Singapúr.“

Þóra er með síðuna Grikklandsgaldur á Facebook. Þar setur hún upp hugmyndir að ferðum um Grikkland. „Það er alltaf að aukast að fólk hafi samband og biðji mig að setja upp ferð fyrir sig, bæði einstaklingar, fjölskyldur og hópar. Svo er ég í samstarfi við Vita með tvær hópferðir til Grikklands í sumar. Önnur ferðin er á slóðir Mamma Mia! kvikmyndarinnar.“

Þóra segir að Íslendingar séu orðnir ferðavanir og gaman að ferðast með þeim. „Það hafa aldrei komið upp nein stór vandamál hjá mér í ferðum. Auðvitað getur eitt og annað komið upp en ekkert óyfirstíganlegt, sem betur fer. Mér finnst frábært að vinna með Íslendingum, það gefur mér ákveðin tengsl við heimalandið mitt og er mikilvægt fyrir íslenskuna mína.“



**Þóra við Taj Mahal á Indlandi.**



**Með Valsteini Konstantín og Kristínu Krisúlu í skemmtiferð í London.**



**Þóra með vinkonum sínum í tröppum á grísku eyjunni Skopelos þar sem bíómyndin Mamma Mia! var tekin.**



**Þóra heima í Aþenu með fjölskyldunni, eiginmanninum Makis og börnunum tveimur, Valsteini Konstantín og Kristínu Krisúlu.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433










Scrabble 6.041 kr. ~~7.490 kr.~~


Pandemic 6.202 kr. ~~7.690 kr.~~


Landnemarnir á CATAN 2.008 kr. ~~2.490 kr.~~


King of New York 7.250 kr. ~~8.990 kr.~~


Zombie 15 11.283 kr. ~~13.990 kr.~~


Codenames Pictures 3.218 kr. ~~3.990 kr.~~


Rubiks töfrateningur 1.444 kr. ~~1.790 kr.~~


Top Trumps 798 kr. ~~990 kr.~~


Oceanos 7.250 kr. ~~8.990 kr.~~


Brjálaða brauðristin 4.024 kr. ~~4.990 kr.~~


Jumbo púslmotta fyrir 500-1500 bita 3.218 kr. ~~3.990 kr.~~


Heye 1500 bita 3.218 kr. ~~3.990 kr.~~


Wasgij Mystery mini 2 1.202 kr. ~~1.490 kr.~~


Jumbo 4 púsl í pakka - Frozen 2.990 kr. ~~1.490 kr.~~


Jumbo 5000 bita púsl - USA 6.847 kr. ~~8.490 kr.~~


Wasgij Original 25 2.734 kr. ~~3.390 kr.~~


That´s life púsl 1000 bita 1.605 kr. ~~1.990 kr.~~


Heye 1000 bita púsl 2.411 kr. ~~2.990 kr.~~


150 bita jumbo púsl 1.202 kr. ~~1.490 kr.~~


Íslandskort 500 bita púsl 1.605 kr. ~~1.990 kr.~~

» Stærsta íslenska vefverslunin.
» Frí heimsending ef verslað er fyrir 4.000 kr. eða meira.
» Afhendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu!

Tax Free afsláttur jafngildir 19% afslætti. Heimkaup.is stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskattinum.
Tax Free viku á snyrtivörum lýkur á miðnætti 22. mars.

HEIMKAUP

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700

# Spáir í tísku allan daginn

**Harpa Ómarsdóttir hefur mikinn áhuga á tísku og finnst gaman að spá í hvaða tískustraumar eru fram undan. Hún klæðist helst ekki svörtum fötum og kaupir ekki föt eins og allir eiga.**

Harpa stofnaði og rekur Hárakademíuna, sem er einkarekinn hársnyrtiskóli, auk þess að reka Blondie hársnyrtistofu í Mörkinni 1. Hún er líka ambassador label.m á Íslandi í samstarfi við B-pro og Toni&Guy London. Í mars er full dagskrá hjá henni, svo sem label.m-námskeið og sýning sem haldin verður á Hard Rock Café nú um helgina. Um miðjan mars verður Íslandsmót iðngreina 2017 og RFF (Reykjavík fashion festival), verkefni í London og svo fær hún vonandi páskafrí.

**Spáir þú mikið í tísku?** „Já, alla daga, allan daginn. Tíska er stórt áhugamál hjá mér og ég elska Pinterest. Ég á það til að reyna að finna út hvað kemur í tísku langt fram í tímann. Sumarið verður allt í bleiku og einnig „print“ í fatnaði.“

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** „Stíllinn minn er alls konar. Ég fer í allt og mér finnst gaman að fara í eitthvað sem vinnur með mér. Þegar sá dagur rennur upp að ég vakna og fer í það sem er næst mér í skápnum, þá hlýt ég að vera lasin. Þegar ég kaupi mér föt reyni ég að kaupa það sem enginn annar á eða allavega sem fæstir. Mér finnst skrítið þegar dömurnar í heilu saumaklúbbunum eru allar í eins flík. Ég hef gaman af því að setja saman mismunandi liti, efni, mynstur og geng helst aldrei í svörtu. Það bara gerir ekkert fyrir mig.“

**Hvar kaupir þú þér föt?** „London er mitt annað heimili og ég kaupi mest þar, en er alveg dugleg að skoða hvað er til hérna heima. Ég hef ekki gefið mér tíma til að læra á þetta allt sem hægt er að gera á netinu.“



„Mér finnst skrítið þegar dömurnar í heilu saumaklúbbunum eru allar í eins flík.“ MYND/STEFÁN

> **Þegar sá dagur rennur upp að ég vakna og fer í það sem er næst mér í skápnum, þá hlýt ég að vera lasin. Þegar ég kaupi mér föt reyni ég að kaupa það sem enginn annar á.**

**Eyðir þú miklu í föt?** „Það er voðamisjafnt og hefur minnkað mikið. Það fer eftir því hversu ört ég fer til útlanda, oft fer ég einu sinni til tvisvar í mánuði vegna vinnunnar. Stundum segi ég að það sé eins gott að ég hafi ekki kynnt mér þennan hluta á internetinu. Ég get endalaust fallið fyrir skóm, utanyfirflíkum og hálsklúti.“

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** „Ekta loðvestið mitt úr Gyllta kettinum. Það er algjörlega sjúkt og gaman að klæða sig í kringum það.“

**Uppáhaldshönnuður?** „Stikkfrí þar. Enginn sérstakur, en Gucci setur saman fallega liti og notar mikið slaufur og blóm. 2015-2016 línan var æðisleg.“

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** „Ég verð leið á fötunum allt of fljótt og fer ekki í sama lúkkið tvo daga í röð. Er heppin að eiga fullt af systrum sem fá að njóta flíkanna en það er smá vesen með skó þar sem ég nota stærð 36 en ekki þær.“

**Notar þú fylgihluti?** „Já, hálsmen/skraut alla daga og varalit. Hann er mér jafnmikilvægur og að taka með mér bíllyklana þegar ég fer út á morgnana.“

**Áttu þér tískufyrirmynd?** „Já, ég á nokkrar vinkonur á Pinterest.“



Hlébarðamynstur er í uppáhaldi hjá Hörpu, eins og sést, enda gerir það ótrúlega mikið fyrir heildina.



Grænn kjóll frá Zara er skemmtileg flík yfir eða undir með öðru.



Loðvesti úr Gyllta kettinum er nauðsynleg eign. Líka hægt að nota á sumrin við gallabuxur, hlýrabol og sparihælaskó.


nettoline

HÁGÆÐA DANSKAR ELDHÚSINNRÉTTINGAR




ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang. Fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Opið:
Mán. til föstudaga kl. 09 til 18
Laugardaga kl. 11 til 15

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# Fiskeldi

10. MARS 2017



**„Við erum ekki með neina efnanotkun í okkar framleiðslu og íslenskan eldislax má því skilgreina sem græna matvælaframleiðslu, sem er frábært.“** MYND/ANTON BRINK

# Njótum góðs af sushi-byltingunni

## Fiskeldi er í mikilli sókn, að sögn Höskuldar Steinarssonar, framkvæmdastjóra Landssambands fiskeldisstöðva.

Laxeldi er greinilega í mikilli sókn á Íslandi, bæði í landstöðvum og ekki síður í sjókvíaeldi. Þar er mesti vöxturinn fram undan, enda umhverfisvæn og hagkvæm prótínframleiðsla miðað við margar aðrar greinar,“ segir Höskuldur.

Umframeftirspurn er eftir laxi á heimsvísu og hafa íslenskar laxeldisstöðvar vart undan við að anna eftirspurn. „Sushi-byltingin hefur líka haft áhrif á eftirspurnina. Um langt skeið hefur verið mikil eftirspurn eftir eldislaxi og íslensku fiskeldisfyrirtækin selja um 99% af sinni framleiðslu til útflutnings.“

### Vottaður lax í Whole Foods

Langmest er selt á Bandaríkjamarkað en þar í landi kann fólk vel að meta íslenskan eldisfisk. „Við erum í aðstöðu til að framleiða vottaðan lax og þeir eru spenntir fyrir því. Við erum ekki með neina efnanotkun í okkar framleiðslu og íslenskan eldislax má því skilgreina sem græna matvælaframleiðslu, sem er frábært. Það þýðir engin efnanotkun, engin sýklalyf og engin aflúsunarlyf. Matvælalandið Ísland á auðvitað að vera þar. Þetta tikkar í box hjá verslanakeðjum eins og Whole Foods, sem leggur mikla áherslu á að bjóða aðeins fyrsta flokks hráefni frá vottuðum framleiðendum. Framleiðendur fá einnig gott verð fyrir sína vöru,“ segir Höskuldur.

> **Það að er engin spurning um að fiskeldið er afar landsbyggðarvæn grein. Það hefur orðið viðsnúningur í sumum bæjum þar sem atvinnulífið hefur verið einsleitt á köflum.**

Aðrir mikilvægir markaðir eru í Evrópu og útflutningur til Asíu hefst innan skamms. Þá er áhugi í Ástralíu fyrir að kaupa eldislax af Íslendingum.

### Aukning ár frá ári

„Framleiðsla á eldislaxi í sjókvíum var um 6.000 tonn á ári en á síðasta ári var heildarframleiðslan í íslensku fiskeldi um 15.000 tonn. Við sjáum fram á að eftir tvö ár verðum við komin yfir 20.000 tonn á ári í laxinum og fyrir árið 2020 verður framleiðslan vonandi komin vel yfir 40.000 tonn. Ef það gengur eftir verður eldisfiskur á Íslandi orðinn stærri búgrein en landbúnaðurinn,“ segir hann og nefnir einnig að í fyrra hafi verið framleidd 4.000 tonn af eldisbleikju. „Hvergi í heiminum er framleitt jafnmikið af bleikju og á Íslandi.“

### Landsbyggðarvæn grein

Landsbyggðin hefur notið góðs af fiskeldi og atvinnuuppbyggingu í kringum greinina. „Það er engin spurning um að fiskeldið er afar landsbyggðavæn grein. Það hefur orðið viðsnúningur í sumum bæjum þar sem atvinnulífið hefur verið einsleitt á köflum. Á sumum stöðum er sýnileg breyting og greinilegt að unga fólkið er að flytja heim, leikskólarnir eru að fyllast og bekkir í grunnskólum að stækka. Fiskeldið leiðir ekki aðeins af sér bein störf heldur mikið af afleiddum störfum, svo sem í iðnaði, vélsmiðjum, bátaþjónustu og tæknistörfum.“

Að sögn Höskuldar er umhverfislega séð hagkvæmt að geta nýtt strandlínuna til matvælaframleiðslu því þá þarf hvorki að taka upp land né ganga á vatnsauðlindir landsins. „Strandnýting er að aukast um allan heim. Sjókvíaeldi er ekki aðeins að aukast við strendur Íslands heldur um allan heim og er farið að tala um Bláu byltinguna. Eldið mun draga vagninn í dýraprótínframleiðslu framtíðarinnar, enda getur mannkynið ekki gengið endalaust á auðlindir sínar.“

# Sterk fyrirtæki sameinast

## Pentair Aquatic Eco Systems keypti Vaka á síðasta ári. Vaki er því orðinn hluti af stóru alþjóðlegu fyrirtæki sem ætlar sér stóra hluti á næstunni.




Björg Ormslev Ásgeirsdóttir er markaðsstjóri Vaka og David Jarron er sölustjóri fyrirtækisins. MYND/ANTON BRINK

> Starfsfólk Vaka horfir því björtum augum til aukinna umsvifa og nýrra áskorana á næstu árum á bæði innlendum og erlendum markaði.

Á síðasta ári fagnaði Vaki fiskeldiskerfi 30 ára afmæli sínu. Á þessum þremur áratugum hefur mjög margt breyst í fiskeldi hér á landi og um allan heim. Stærstu breytingarnar í rekstri fyrirtækisins urðu þó í nóvember síðastliðnum þegar Pentair Aquatic Eco Systems keypti öll hlutabréf í Vaka og er Vaki því orðinn hluti af þessu stóra fyrirtæki sem ætlar sér mikinn hlut á fiskeldissviðinu á næstu árum að sögn Hermanns Kristjánssonar, forstjóra Vaka. „Pentair er alþjóðlegt fyrirtæki skráð á hlutabréfamarkaði bæði í New York og London. Fyrirtækið er með ársveltu upp á nálægt 900 milljarða króna og hefur innanborðs rúmlega 30.000 starfsmenn um allan heim. Það starfar á nokkrum stórum sviðum, meðal annars innan iðnaðar, orku, matvæla og vatnsmeðhöndlunar hvers konar.“

Aukinn fókus er á fiskeldi innan þessa stóra fyrirtækis að sögn Hermanns og eru kaupin á Vaka ætluð til þess að tryggja framgang á helstu mörkuðum. „Það á sérstaklega við um í Noregi, Skotlandi og Chile þar sem Vaki hefur verið með starfsemi um árabil og er með afar góða markaðsstöðu. Enda eru um 95% af tekjum okkar vegna útflutnings en næstum allar vörur okkar hafi verið þróaðar í samvinnu við íslenska fiskeldismenn og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.“

### Betra vöruúrval

Með nýjum eigendum verða þær breytingar helstar hér heima að vöruúrvalið sem Vaki hefur að bjóða viðskiptavinum sínum eykst til muna, segir Hermann. „Til viðbótar við allar þær vörur sem Vaki hefur þróað og selt um árabil eins og fiskiteljara, stærðarmæla, flokkara, fiskidælur og fóðurkerfi verður nú boðið upp á Point4 súrefnissteina og eftirlitsbúnað margs konar, UV filtera, vatnsdælur af öllum stærðum, hreinsikerfi, loftun, ljós, ráðgjöf og hönnun á heildarlausnum í endurnýtingarkerfum í fiskeldi.“

Áfram verður mikil áhersla á markaðstengda vöruþróun og með auknu vöruúrvali þarf að bæta við sölu- og þjónustufólki bæði hér heima og í dótturfélögum erlendis. „Starfsfólk Vaka horfir því björtum augum til aukinna umsvifa og nýrra áskorana á næstu árum á bæði innlendum og erlendum markaði,“ bætir Björg Ormslev Ásgeirsdóttir, markaðsstjóri Vaka. Nánari upplýsingar um Vaka og vörur fyrirtækisins má finna á www.vaki.is.




Einn af fiskiteljurum Vaka í notkun í Tasmaníu.

















# MIKILVÆGUR HLEKKUR

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar við alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim, með þá framtíðarsýn að vera framúrskarandi í flutningalausnum og þjónustu.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

Strandbúnaður

Grand Hótel Reykjavík
13.-14. mars

Skráning fer fram á www.strandbunadur.is

**Mánudaginn 13. mars** - Afhending gagna 12:00

**Málstofa - sameiginleg - Gullteigur**
Strandbúnaður á Íslandi: Staða, framtíðarsýn og skipulag

**Málstofa A1 - Gullteigur**
Framtíð bleikjueldis á Íslandi

**Málstofa B1 - Hvammur**
Þörungarækt og nýting þörunga

**Þriðjudagurinn 14. mars**

**Málstofa A2 - Gullteigur A**
Ræktun bláskeljar

**Málstofa B2 - Gullteigur B**
Menntun í strandbúnaði

**Málstofa A3 - Gullteigur A**
Framtíð laxeldis og umhverfismál

**Málstofa B3 - Gullteigur B**
Vaxtarsprotar strandbúnaðar

**Málstofa - sameiginleg - Gullteigur**
Íslenskur strandbúnaðar og alþjóðlegt samhengi

Arion banki
EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM

www.strandbunadur.is


# Smáþörungavinnsla er vaxandi atvinnugrein

Strandbúnaður er félag sem ætlað er að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og styðja þannig við menntun, rannsóknir, þróun og stefnumótun innan greinarinnar. Strandbúnaður er samheiti yfir atvinnugreinar sem tengjast nýtingu land- eða sjávargæða í og við strandlengju landsins.

Strandbúnaður stendur að ráðstefnu fyrir fiskeldi, skeldýra- og þörungarækt sem fer fram á Grand hóteli 13. og 14. mars. Þar verða flutt tæplega 50 erindi í átta málstofum. Staða, framtíðarsýn og skipulag strandbúnaðar á Íslandi verður rætt auk þörungaræktunar og nýtingar þörunga svo eitthvað sé nefnt. Stórþörungar og náttúrulegir kalk- og kísilþörungar hafa um nokkurt skeið verið nýttir á Íslandi en ræktun smáþörunga er ung atvinnugrein í hraðri sókn. Nú eru starfandi a.m.k. fimm fyrirtæki sem eru að hasla sér völl í ræktun smáþörunga. Ræktunin á Íslandi fer fram í lokuðum kerfum, sem felur í sér rekstraröryggi og hreinleika sem skilar hærra vöruverði á markaði, borið saman við þörunga sem ræktaðir eru utanhúss á heitari og sólríkari svæðum. Smáþörungaræktun á Íslandi á því margt sameiginlegt með gróðurhúsaræktun. Lífvirk efni sem vinna má úr þörungum eru margs konar, til dæmis er þegar verið að vinna bæði andoxunarefnið astaxanthin og fitur sem eru ríkar af ómega-fitusýrum á Íslandi.

Kristján Leósson, framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, segir að nokkur fyrirtæki sérhæfi sig í framleiðslu á andoxunarefninu astaxanthin úr þörungnum Haematococcus pluvialis en í fyrirlestrum á ráðstefnunni verði fjallað um ræktunartækni og vinnslu út frá reynslu tveggja slíkra fyrirtækja. „Á síðustu 5 árum hafa verið stofnuð nokkur fyrirtæki sem eru að þróa smáþörungaræktun innandyra. Það sem þarf til framleiðslunnar er vatn, koltvísýringur, næring og mikil lýsing,“ útskýrir Kristján. „Aðgangur að hreinu vatni og umhverfisvænu rafmagni gefur möguleika á jafnri framleiðslu allt árið þar sem hreinleiki er tryggður og vistspor lágmarkað. Einnig hefur verið til skoðunar að nýta koltvísýringsafgas frá jarðhitavirkjunum fyrir smáþörungaframleiðslu.“


Í næstu viku verður ráðstefna fyrir fiskeldi, skeldýra- og þörungarækt á Grand hóteli. Ráðstefnan fer fram dagana 13.-14. mars.

Andoxunarefni úr smáþörungum eru notuð í fæðubótarefni og í lyfjaiðnað. „Smáþörungar eru mjög fjölbreytt tegund og enn er þörf á miklli þróunar- og rannsóknarvinnu til að kortleggja nýtingarmöguleika þeirra. Fyrirtækin á Íslandi eru enn sem komið er aðallega að einbeita sér að andoxunarefnum og fitusýrum úr smáþörungum. Þetta er atvinnugrein í þróun og með mikla framtíðarmöguleika,“ segir Kristján.

Á ráðstefnunni verður m.a. fjallað um ræktunartæknina.

**Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.strandbunadur.is**


mjollfrigg.is




SÉRTÆKAR LAUSNIR OG RÁÐGJÖF

**Mjöll Frigg** er þjónustudrifið hreinlætisfyrirtæki sem veitir faglega ráðgjöf og býður hreinlætislausnir til viðskiptavina sinna.

**Mjöll Frigg** er stærsti framleiðandi á hreinlætisvörum á Íslandi en flytur einnig inn önnur hreinsiefni og hreinlætistæki.

**Mjöll Frigg** er í samstarfi við belgíska fyrirtækið Cid Lines sem sérhæfir sig m.a. í framleiðslu á sótthreinsiefnum fyrir fiskeldi.

**Mjöll Frigg** selur Virasure sótthreinsiduftið í samstarfi við Fish Vet group.

mjöll frigg
-hreinlega sterkari

NORÐURHELLU 10 | 221 HAFNARFJÖRÐUR | SÍMI 512 3000



ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store | Google Play | Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft






Fóðurverksmiðjan Laxá hf. sérhæfir sig í framleiðslu á náttúrulegu fiskafóðri fyrir:

Bleikju
Lax
Regnbogasilung
Þorsk

Fóðurverksmiðjan Laxá hf. - Krossanes - 603 Akureyri
Sími: 460 7200 - laxa@laxa.is - www.laxa.is

# Háþróuð tækniþjónusta fyrir fiskeldisfyrirtæki

**Fyrirtækið Tölvur og Net er sérhæft í háþróaðri tækniþjónustu fyrir fiskeldi. Tölvur og Net er með umboð fyrir helstu merki á þessu sviði, svo sem OxyGard, Oxymat og Steinvik.**

Bjarni Einarsson tæknistjóri segir að Tölvur og Net hafi upphaflega verið stofnað árið 2013 á Tálknafirði til að þjónusta fiskeldisfyrirtæki. Í fyrstu var hann eini starfsmaðurinn en fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt og þar eru nú sjö starfsmenn. „Við erum sérhæfð í að setja upp og þjónusta háþróaðan tæknibúnað fyrir fiskeldisfyrirtæki, eins og neðansjávarmyndavélar, neðansjávarljós, súrefnismæla og almennt internetsamband sem þarf að vera til staðar til að tengja þennan búnað. Einnig leggjum við ljósleiðaralagnir út í kvíar,“ útskýrir Bjarni en Tölvur og Net þjónustar fiskeldisfyrirtæki um allt land þótt skrifstofan sé flutt til Reykjavíkur.

„Við gerum þjónustusamninga við fiskeldisfyrirtækin. Starfsmenn þeirra geta þá einbeitt sér að fullu að fiskeldinu og við sjáum um að tæknimálin gangi snurðulaust fyrir sig,“ segir hann.

Fyrirtækið sinnir einnig innflutningi á búnaði fyrir fiskeldi frá viðurkenndum aðilum, eða allt frá ljósum og upp í fóðurpramma. „Í fyrra seldum við t.d. tvo fóðurpramma til Arnarlax,“ segir Bjarni.



**„Við erum sérhæfð í að setja upp og þjónusta háþróaðan tæknibúnað fyrir fiskeldisfyrirtæki.“**

**Tæknimál og myndavélar**

Bjarni segir fyrirtækið sinna fjölbreyttum verkefnum, eins og að setja upp myndavélakerfi og neðansjávarlýsingu í sjókvíum. „Flest fiskeldisfyrirtæki eru með myndavélakerfi svo hægt sé að fylgjast með fóðrun á fisknum. Ef myndavélarnar bila getur vöxturinn á fleiri tonnum af eldisfiski breyst og það getur munað um nokkur prósent á ári. Neðansjávarljós hægja á kynþroska fiskanna og auka matarlyst þeirra. Það skiptir því miklu máli að hafa þessi tæki og að þau virki sem skyldi.“

**„Við gerum þjónustusamninga við fiskeldisfyrirtækin. Starfsmenn þeirra geta þá einbeitt sér að fiskeldinu og við sjáum um tæknimálin.**

**Stigið inn á ný svið**

Tölvur og Net hafa nýlega aukið við þjónustuna og eru nú í samstarfi við skoskt þjónustufyrirtæki sem sér um bólusetningar fyrir fiskeldisfyrirtæki. Að sögn Bjarna getur orðið mikið rask við bólusetningar, oft vanti mannskap og réttan búnað. „Við útvegum teymi sem bólusetur annaðhvort handvirkt eða með þeim tækjum og tólum sem þarf. Við sjáum um þetta frá A til Ö,“ segir hann. Nánari upplýsingar fást á heimasíðunni www.ton.is

TÖLVUR OG NET
www.ton.is





HAMPIÐJAN FJARÐANET VÓNIN®

STRONGER TOGETHER

hampidjan.is // fjardanet.is // vonin.com

# Lífsstíll

## Möggu Stínu tónlistarkonu



Magga Stína tónlistarkona á erfitt með að neita sér um súkkulaði og fær sér rjóma í morgunmat. Helgin er þétt skipulögð, dúett með Gunna Þórðar og fjöldasöngur í Hannesarholti.

**A- eða B-týpan?** Það er ekkert sem heitir fram eftir hjá mér, ég vakna alltaf fyrir allar aldir. Ég stilli klukku en þó ekki á sunnudögum. Vakna samt líka snemma þá.

**Morgunmaturinn?** Hafragrautur. Ef ég á eitthvað út á hann eins og ber þá skelli ég þeim með og svo rjóma. Þá er þetta bara eins og að fá sér desert í morgunmat. Svo fæ ég mér kaffibolla.

**Freistingar?** Súkkulaði er mitt ævilanga fíkniefnavandamál. Ég frem þó ekki stærri glæpi en að kaupa mér kókosbollur og nýt þess út í ystu æsar að borða þær.

**Hvernig slapparðu af?** Ég slappa aldrei af. Jú, ef ég fer í bíó fer ég inn í myndina, það er afslappelsi. Eins þegar ég hlusta á góða tónlist. Reyndar syndi ég einn kílómetra á hverjum degi, sem flóttaleið út úr hversdagslífinu.

**Bókin á náttborðinu?** Napólíbækur Elenu Ferrante. Er að klára bók nr 2. Finnst ofboðslega gaman að fara inn í þennan heim. Frábær lýsing á vinkonusambandinu. Slík sambönd eru nefnilega þau alflóknustu í lífinu.

**Á hvaða ertu að hlusta?** Ég hlusta á tónlist í vinnunni alla daga, bæði í kennslu og við gerð útvarpsþátta en mínir hollu vinir sem ég leita reglulega í eru Elvis, Jane Birkin o.fl.

**Hvað sástu síðast í bíó?** Óskarsverðlaunamyndina Moonlight.

**Hvað sástu síðast í leikhúsi?** Sölku Völku.

**Helgarplönin?** Helgin er nokkuð þétt skipulögð. Á laugardaginn syng ég dúett með Gunnari Þórðarsyni á samkomu um Frjálsa fjölmiðlun. Dúett með Gunna Þórðar er mikill heiður og stór viðburður í mínu lífi enda hef ég fylgst með honum og hans tónlist árum saman. Á sunnudaginn kl. 15 stýri ég svo fjöldasöng í Hannesarholti. Ég þarf því að hvíla röddina vel í dag.

# Töfraflauta Mozarts í Norðurljósasal Hörpu

Vegna mikillar eftirspurnar verður aukasýning á uppsetningu Nemendaóperu Söngskóla Reykjavíkur á Töfraflautu Mozarts. Sýningin verður í Norðurljósasal Hörpu klukkan 19.30 í kvöld, föstudaginn 10. mars.

Þeir sem missa af sýningunni í kvöld geta hins vegar gripið tækifærið til að sjá uppsetninguna í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum sunnudaginn 12. mars klukkan 18. Einnig hefur verið skipulögð sýning í Hömrum á Ísafirði þann 7. apríl næstkomandi.

Nánari upplýsingar má finna á www.songskolinn.is.



Uppselt var á fyrstu sýningu Nemendaóperunnar og því blásið til aukasýningar Töfraflautunnar í kvöld. MYND/ERNIR




## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**FRAMTAL 2017**
Framtöl einstaklinga, verktaka

og rekstraraðila.

Góð og traust þjónusta.

Vönduð vinna.

FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19.

Sími 533 1533.

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig inni og úti verkefnum Upp. s. 821 1333 Verkfar ehf

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 07:00-13:00 eða 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða á netinu, slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com




## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra

starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða**

**sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

**BAKARAR**
Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**
Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**
Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**
Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**
Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333




## AUGLÝSING UM SAMÞYKKT OG STAÐFESTINGU DEILISKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

Þann 2. mars 2017 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að breytingu deiliskipulags Ásgarðs, skóla og íþróttasvæðis í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingin gerir ráð fyrir tilfærslu æfingavalla og ljósmastra, stækkun lóðar íþróttasvæðis og breytingu á legu göngustígs meðfram húsum við Stekkjarflöt. Einnig stækkar byggingarreitur íþróttamannvirkja.
Breytingin tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 3. mars. nr. 174/2017

Vakin er athygli á málskotsrétti sbr. 10. kafla skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála nr. 130/2011 en þar kemur fram að stjórnvaldsákvarðanir má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis-og auðlindamála. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## AUGLÝSING UM SKIPULAG OG SKIPULAGSBREYTINGAR Í GARÐABÆ

Í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með eftirfarandi tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016.

- **Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016. Tillaga að breytingu. Heiðmörk og Sandahlíð.**
  Tillaga að breytingu aðalskipulags gerir ráð fyrir því að land sem tilheyrir Heiðmörk innan Garðabæjar og svæði Skógræktarfélags Garðabæjar í Sandahlíð verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir breytingum á legu útivistarstíga og reiðstíga. Breytingartillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð.

Í samræmi við 1.mgr. 41.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að eftirfarandi deiliskipulagi. Í samræmi við 1.mgr.7.gr. laga um umhverfismat áætlana er umhverfisskýrsla sett fram í 7.kafla greinargerðar deiliskipulagstillögunnar.

- **Heiðmörk og Sandahlíð. Tillaga að deiliskipulagi.**
  Tillagan hefur það markmið að fá heildstæðara og markvissara skipulag fyrir svæðið sem verndar- ræktunar- og útivistarsvæði. Gildi svæðisins sem slíks verður styrkt með því að skilgreina skógræktarsvæði fyrir útivistarskóg, afmarka útivistarsvæði þar sem lítil útilífsmiðstöð verður staðsett, afmarka áningarstaði m.a. með nestis- og grillaðstöðu, sýna lagfæringu á Heiðmerkurvegi og á línuveginum og skilgreina bílastæði. Skilgreindir eru göngu-, hjóla- og reiðstígar sem tengja saman mismunandi svæði til að bæta aðgengi almennings og styrkja gildi svæðisins til fjölbreyttrar útivistar. Einnig á deiliskipulagið að taka tillit til þeirrar verndunar sem í gildi er á skipulagssvæðinu og tryggja verndun náttúru- og menningarminja.

Í samræmi við 1.mgr. 43. gr. og 1.mgr. 41.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 auglýsir Garðabær hér með tillögu að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu.

- **Deiliskipulag Hraunsholts eystra. Lynghólar 32-38. Tillaga að breytingu.**
  Tillagan gerir ráð fyrir því að lóðirnar Lynghólar 32, 34, 36 og 38 breytist úr raðhúsalóðum í tvíbýlishúsalóðir. Íbúðum fjölgar úr 4 í 8. Byggingarmagn og hæð húsa er óbreytt.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 10.mars til og með 21.apríl 2017. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 21. apríl 2017.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Heill heimur af rafmagnsverkfærum – varanleg verðlækkun

BAUHAUS POWER TOOLS

BLACK+DECKER · RYOBI · BOSCH · STANLEY FATMAX · metabo · AEG POWERTOOLS · DEWALT · Real Bosch!

ÁBYRGÐ 5 ÁRA á öllum rafmagns- og mótordrifnum vörum BAUHAUS



RYOBI

**Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 17 hlutir**

18 V handhæg bor- og skrúfvél. Snúningsvægi 50 Nm, 2 gírar, 0-440/0-1600 snún./mín., Heavy-Duty borpatróna 13 mm, 2 stk. 2,5 Ah litíum-ion rafhlöður, hraðhleðslutæki. Verkfærataska fylgir.

**21.995.-**

~~26.995.-~~



STANLEY FATMAX

**Höggborvél**

18 V. 0–6.800/0–27.200 snún./mín. Borgeta í steypu/málm/tré 13/13/38 mm. 2 x 2,0 Ah Li-ion rafhlöður, 50 hlutir og flutningstaska.

**27.995.-**

~~32.995.-~~



BOSCH

**Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 241 hlutur**

18 V. Með bitum, bor, skrúfum og töppum. Í traustbyggðri tösku með nýrri hönnun. 2 x 1,5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja. 18 V rafhlöðurnar eru samhæfar við öll Bosch Power4All 18 V rafmagnsverkfæri og garðvinnutæki.

**28.995.-**



AEG POWERTOOLS

**Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu, 100 hlutir**

BS18G2LI. 18 V. Hámarkssnúningsvægi 50 Nm, 24 snúningsþrep. Tveggja þrepa gír, 0-400 snún./mín. og 0-1500 snún./mín. LED-ljós. 2 x 2,0 Ah Pro Li-ion rafhlöður,100 hluta fylgihlutasett, hleðslutæki og sterkbyggð verkfærataska fylgja.

**24.995.-**

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

## Merkisatburðir

**241 f.Kr.** Rómverjar binda enda á fyrsta púnverska stríðið með því að sökkva flota Karþagómanna.

**1118** Gelasíus 2. verður páfi.

**1629** Karl 1. Englandskonungur leysir breska þingið upp og hefur ellefu ára harðstjórnina þar sem ekkert þing situr.

**1649** Karl 10. Gústaf er útnefndur eftirmaður Kristínar Svíadrottningar.

**1804** Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum.

**1906** Námaslys í Courrieres-kolanámunum kostar 1.099 kolanámumenn lífið, það er mannskæðasta kolanámuslys sem orðið hefur í Evrópu.

**1933** Jarðskjálfti í Kaliforníu verður 120 manns að bana á Long Beach.

**1944** Flugfélagið Loftleiðir er stofnað.




Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Snæbjargar Snæbjarnardóttur**

söngkonu, söngkennara og kórstjóra, Fellsmúla 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum, starfsfólki Karitas sem og starfsfólki Múlabæjar fyrir einstaka umhyggju og vináttu.

**Ólöf S. Pálsdóttir**
**Snæbjörn Óli Jörgensen** **Anna María Elíasdóttir**
**Guðrún Birna Jörgensen** **Halldór Þ. Ásmundsson**
**Snæbjörg, Harpa María, Kaj Arnar, Hildur Ása og Maríanna Erla**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför

**Guðnýjar Magnúsdóttur**

Silfurgötu 9, Ísafirði.

**Vilberg V. Vilbergsson**
**Rúnar H. Vilbergsson** **Tamila Gámez Garcell**
**Sara Vilbergsdóttir** **Gísli Guðmundsson**
**Bryndís Vilbergsdóttir** **Garðar Erlingsson**
**Svanhildur Vilbergsdóttir** **Hjörtur Svavarsson**
**Ylfa Mist og Haraldur, Viðar Hákon og Hanna, Guðný, Vilberg, Bjartur Dagur, Björg, Sólrún, Vilberg Samúel og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Kristjánsdóttir**

lést á Landspítalanum við Hringbraut, deild 11E, mánudaginn 6. mars, umvafin ást. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jóna Helga Hauksdóttir**
**Inga Guðný Hauksdóttir** **Bernharð Antoniussen**
**Einar Birgir Hauksson** **Kristín Óskarsdóttir**
**Edda Kristín Hauksdóttir**
**Anna Karen Hauksdóttir** **Agnar Hansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartans þakkir fyrir sýnda samúð, hlýju og fallegar kveðjur vegna andláts

**Dags Jónssonar**

vatnsveitustjóra, Heiðvangi 80, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11b, 11e og heimahlynningar Landspítalans.

**Þórdís Bjarnadóttir**
**Vera Dagsdóttir** **Páll Fannar Pálsson**
**Vaka Dagsdóttir** **Bjarni Guðmundsson**
**Vala Dagsdóttir**
**Vala, Jón Kári og Sigurlaug Jónsbörn**


# Minningar úr ferðalögum

**Myndlistarmaðurinn Kristján Steingrímur opnar einkasýningu á morgun, laugardag. Á sýningunni vinnur hann með minningar sínar frá stöðum sem hann hefur heimsótt. Nokkur verkanna eru máluð með litum unnum úr steinefnum frá nokkrum staðanna.**



Kristján ferðast mikið og á því nóg af efnivið til að moða úr. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta er blanda af málverkum, vatnslitamyndum og teikningum. Þarna eru ný verk í bland við gömul – elstu verkin eru frá 1999 og þau yngstu eru frá þessu ári. ég byggi verkin á litum sem ég vinn sjálfur úr umhverfinu. Ég vinn þetta úr ýmsum jarðefnum frá mismunandi stöðum – bæði héðan frá Íslandi og víða að úr heiminum. Þetta eru staðir sem hafa orðið á vegi mínum á ferðalögum vítt og breitt, staðir sem hafa heillað mig og ég hef ákveðið að taka með mér og bókstaflega mála með. Þetta eru mest megnis steinefni og leirefni sem ég læt vinna og bý til litaduft úr – sem verður svo olíu- og vatnslitir,“ segir myndlistarmaðurinn Kristján Steingrímur sem opnar einkasýningu í BERG Contemporary á laugardaginn.

Sýningin er eins og Kristján segir unnin á tuttugu ára tímabili. Hér er ekki um yfirlitssýningu að ræða heldur margþætta nálgun Kristjáns að sama viðfangsefninu – það er að segja stöðum og minningum – en hann notar brot úr stöðunum sem hann minnist bókstaflega sem efnivið í verkin.

*Henta efni frá einhverjum sérstökum stöðum betur en önnur í þessa vinnslu?* „Já, það eru náttúrulega mismunandi litir í umhverfinu. Litarefni eru auðvitað búin til með svipuðum hætti – þau eru ýmist jarðefni eða úr jurtaríkinu. Allir litir eru með einum eða öðrum hætti ættaðir úr þessu umhverfi. Íslenskir litir eru kannski meira í grátónum, þó að auðvitað séu til sterkir litir í íslenskri náttúru.

> **Þetta eru staðir sem hafa orðið á vegi mínum á ferðalögum vítt og breitt, staðir sem hafa heillað mig og ég hef ákveðið að taka með mér og bókstaflega mála með.**

Að auki er ég að sýna teikningar sem eru unnar frá sömu stöðum. Ég bæði ljósmynda þessa mismunandi staði og síðan tek ég efni með mér. Ég hef verið að rýna í efnið og stækka upp litlar agnir frá þessum stöðum og teikna þá upp – gera þá sýnilega í gegnum víðsjá.“

*Eru öll verkin unnin á sama hátt?* „Það eru ekki alveg öll verkin frá þessum tuttugu árum unnin svona – elstu verkin eru unnin með hefðbundnum olíulitum á striga. En þau fjalla líka um staði sem ég upplifði á sínum tíma og og vísað er til með staðsetningarhnitum sem ég setti inn á málverkin. Þannig getur sýningargesturinn notað GPS-hnit og leitað uppi viðkomandi stað. Málverkið er orðið að vegvísi fyrir áhorfandann og verkið í raun ferðalagið á staðinn.“

*Og eru þetta margir staðir?* „Já, þeir skipta tugum. Ég er reyndar að sýna bara lítið brot af þessu á þessari sýningu og mest verk sem unnin eru úr jarðefnum hér á landi. En ég hef ferðast töluvert um heiminn og nota þá tækifærið til að afla mér hráefnis í verk. Staðirnir eru of tilfallandi áfangastaðir frekar en að þeir séu hugsaðir með málverk í huga.“

*Eru einhverjir sérstakir staðir sem þú ert að vinna með á sýningunni í meira uppáhaldi en aðrir?* „Í raun og veru ekki – en garðar, lystigarðar í ýmsum borgum, heilla mig mikið og suma þeirra heimsæki ég oft. Ég er með á sýningunni eitthvað af teikningum úr nokkrum görðum. En ég hef reyndar búið til liti úr mold úr almenningsgörðum frá nokkrum heimsálfum sem ég notaði til að mála með málverk. Þessi verk voru sýnd í Listasafni ASÍ 2008.“

Sýning Kristjáns verður opnuð klukkan fimm á morgun, laugardag, í Berg Contemporary, en galleríið er til húsa á Klapparstíg.

stefanthor@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 10. MARS 2010

## Corey Haim lést úr lungnabólgu

Leikarinn Corey Haim lést úr lungnabólgu á þessum degi árið 2010, aðeins 38 ára að aldri.

Corey hóf leiklistarferilinn aðeins tíu ára gamall þegar hann lék Larry í kanadísku seríunni The Edison Twins sem var í loftinu frá 1982 til 1986.

Árið 1986 landaði hann hlutverki í kvikmyndinni Lucas þar sem hann lék á móti Charlie Sheen og Winonu Ryder. Þaðan í frá var leiðin greið á leiklistarbrautinni og lék hann í myndum á borð við The Lost Boys, License to Drive og Anything for Love.

Hann var mikill hjartaknúsari og um tíma fékk hann yfir tvö þúsund aðdáendabréf á viku frá æstum unglingsstúlkum.

Lífið lék þó ekki við Corey í einkalífinu og ánetjaðist hann áfengi og fíkniefnum snemma á ferlinum. Hann smakkaði fyrst áfengi á setti Lucas árið 1985 og prófaði marijúana ári seinna. Það leiddi til þess að hann notaði kókaín í eitt og hálft ár og síðar krakk.

Corey reyndi margoft að losa sig við vímuefnadjöfulinn en lítið gekk. Þegar lögregla fór í gegnum eigur hans eftir andlátið fann hún ýmis lyf á heimili hans sem leikarinn hafði fengið frá mismunandi læknum, þar á meðal Valíum, Víkódín og Xanax.




Í BEINNI
frá VÍKING BRUGGHÚS
LOKAÞÁTTUR
Í KVÖLD 21:15
SPORT
Domino's
KÖRFUBOLTA
KVÖLD
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORTPAKKINN
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

**blómaval**



## Túlípanar
10 stk.

**1.490kr**

Aida túlípanavasi
3.490 kr



-25%

## Sólhlífarblóm
11 cm pottur

**1.299kr**

~~1.729kr~~

11328172



-25%

## Kaktus
5.5 cm pottur

11328321

**559kr**

~~749kr~~



-25%

## Sómakólfur
24 cm pottur

**4.990kr**

~~6.690kr~~

11400065



-25%

## Monstera
12 cm pottur

**1.490kr**

~~1.990kr~~

11328481



-25%

## Alparós
25 cm pottur

**1.490kr**

~~1.990kr~~

11327571



-40%

## Aloe vera
11 cm pottur

**890kr**

~~1.490kr~~

10005914



-25%

## Burkni
11 cm pottur

**965kr**

~~1.290kr~~

11261829



-33%

## Ástareldur
10,5 cm pottur

**999kr**

~~1.490kr~~

11328235

-25%

## Pottamold
10 ltr. Jonkind

**449kr**

~~599kr~~

10333655

## Græna Þruman
Blómaáburður 1 ltr.

**890kr**

~~1.190kr~~

10220742




## UMPOTTUN Á POTTAPLÖNTUM

Með hækkandi sól fer að líða að umpottunartíma pottaplantna. Umpottun er nauðsynleg þegar rætur plöntunnar fylla allan pottinn og hjá ungum plöntum er ráðlagt að umpotta ár hvert.

**Moldin**

Ýmsar moldartegundir er einnig hægt að fá svo sem kaktusmold, sáðmold og vikurblandaða gróðurmold sem hentar flestum pottaplöntum.

**Áburður**

Um það bil hálfum mánuði eftir umpottun er nauðsynlegt að hefja áburðargjöf.

Athugið pottahlífar/blómapottar á myndum fylgja ekki með.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# 25-40% AFSLÁTTUR

## ALLAR POTTAPLÖNTUR
## BLÓMAPOTTAR OG MOLD

Í Blómavali færðu alltaf gott verð, gæði og ráðgjöf sérfræðinga.



-35%

Friðarlilja

**1.149kr**

~~1.790~~ kr

11400017



-26%

Orkidea

**1.990kr**

~~2.690~~kr

11325000

Allir blómapottar
25% afsláttur



**Allir fá ís
á laugardag
í Skútuvogi
kl. 12-16**

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LOGAN
HANS TÍMI ER KOMINN
SÝND KL. 5.15, 8, 10.45

TILBOÐ KL: 4
SÝND KL. 4, 6
JOHN WICK 2
SÝND KL. 8, 10.30
SPLIT
SÝND KL. 8, 10.30
Billi Blikk
TILBOÐ KL: 3.30
SÝND KL. 3.30
LEGO BATMAN
TILBOÐ KL: 5.45
SÝND KL. 5.45
SYNGDU
TILBOÐ KL: 3.30
SÝND KL. 3.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Tom Hiddleston, Samuel L. Jackson, John Goodman, Brie Larson, John C. Reilly
KONG SKULL ISLAND
CHICAGO TRIBUNE · THE PLAYLIST · VARIETY · HOLLYWOOD REPORTER

ROCK DOG
BOSTON GLOBE · NEW YORK TIMES
Frábær teiknimynd með íslensku tali.

Stórkostleg mynd sem lætur engan ósnortinn
A DOG'S PURPOSE
ENTERTAINMENT WEEKLY · NEW YORK OBSERVER

LOGAN
TOTAL FILM · EMPIRE

6 VERÐLAUN
SIGURVEGARI ÓSKARSVERÐLAUNANNA
RYAN GOSLING · EMMA STONE
LA LA LAND
THE GUARDIAN · THE TELEGRAPH

Sýnd með íslensku og ensku tali.
THE LEGO BATMAN MOVIE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 4 - 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| FIST FIGHT | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:30 |
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 8 |
| LOGAN | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| FIST FIGHT | KL. 8 - 10:10 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 8 |
| FIST FIGHT | KL. 10:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| KONG: SKULL ISLAND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| LOGAN | KL. 8 - 10:45 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 10. MARS

### Tónlist

**Hvað?** Söngvakeppnisparti
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Græna herbergið
Matti Matt heldur uppi stuðinu ásamt hljómsveit í Kjallaranum. Eðalrokkslagarar og öll helstu partílögin á boðstólum. Frítt inn.

**Hvað?** Blásarasveit og djassband
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Blásarasveit og djasshljómsveit frá Phillips Academy í Andover Massachusetts kemur fram undir stjórn Vincents Monaco og Peters Cirelli. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Aaron Copland, J.P. Sousa, Count Basie og Duke Ellington, ósvikin sveifla og kraftmikill flutningur. Sérstakur gestur á tónleikunum er stórsveit FÍH en stjórnandi hennar er Snorri Sigurðsson. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Tónleikar asdfhg
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Sveitin asdfhg vakti fyrst athygli þegar hún hlaut Kraumsverðlaunin árið 2015. Fáir vissu af tilvist hljómsveitarinnar þá en á bak við nafnið stóð ung tónlistarkona, Steinunn Sigþrúðardóttir Jónsdóttir, sem hafði sett plötuna Steingerving fyrir rælni á netið. Nú skipa asdfhg þau Steinunn og Orri Úlfarsson sem hafa sent frá sér tvær plötur, Skammdegi (2016) og Klið ( 2016), og komið víða fram, meðal annars á Sónarhátíðinni síðustu. Þetta eru fyrstu opinberu tónleikar þessa einstaka rafdúetts í Mengi. Miðaverð er 2.000 krónur.

### Uppákomur

**Hvað?** Hugvísindaþing 2017
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóli Íslands
Hugvísindaþing 2017 verður sett föstudaginn 10. mars kl. 12.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

**Hvað?** Endurnærandi Yoga Nidra djúpslökun
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Heilsa og Spa, Ármúla 9
Yoga Nidra er endurnærandi djúpslökun, svokölluð svefnhugleiðsla. Með því að fara niður á sviðið á milli svefns og vöku náum við að losa um streitu, bæta svefn, vinna með þunglyndi og kvíða og skapa jafnvægi í líkama og huga. Ása Sóley jógakennari mun leiða tímann. Frítt inn fyrir viðskiptavini Gáska og Heilsu & Spa, 2.900 krónur fyrir aðra.



Aðdáendur The Rocky Horror Picture Show ættu að kíkja í Bíó Paradís.

### Sýningar

**Hvað?** Kveikjuþræðir: Einar Örn Benediktsson & Maria-Magdalena Ianchis
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Myndlistardeild LHÍ
Einar Örn Benediktsson og Maria-Magdalena Ianchis opna sýningu í Kubbnum að Laugarnesvegi 91. Þetta er þriðja opnun meistaranema í myndlist á vormisseri innan sýningaraðarinnar Kveikjuþræðir. Sýningin verður opin áfram í næstu viku dagana 13.-17. mars frá kl. 13.00 til 16.00.

**Hvað?** The Rocky Horror Picture Show – búningasýning!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Föstudagspartísýning þar sem fólk er hvatt til að mæta í búningi í anda Rocky Horror þannig að aðdáendur myndarinnar ættu að dusta rykið af korselettunum, snyrta hárkollurnar og herða hnútana á svipunum. Myndin er á ensku og sýnd með íslenskum texta.

**Hvað?** Frumsýningarpartí Völvunnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Loft
Völvan, síða um málefni píkunnar, frumsýnir sitt fyrsta myndband í kvöld. Bjór verður í boði fyrir þá sem mæta tímanlega. Völvan vill opna umræðuna um píkuna og allt sem henni viðkemur – svo sem sjálfsfróun, blæðingar, getnaðarvarnir, barneignir, kynferðisofbeldi o.s.frv. Píkur eru mikið tabú enn í dag og við viljum breyta hugmyndum fólks um þetta fallega og magnaða líffæri. DJ Sunna Ben heldur uppi stuðinu allt kvöldið.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Hamskipti: Bryndís Snæbjörnsdóttir
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Myndlistardeild LHÍ
Bryndís Snæbjörnsdóttir mun halda opinn fyrirlestur um verk sín og vinnuaðferðir í fyrirlestrasal myndlistardeildar að Laugarnesvegi 91. Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson vinna saman að myndlistarverkum sínum og í fyrirlestrinum mun Bryndís fjalla um verk sín og Marks Wilson og þá efnislegu áherslupætti sem þau vinna með. Hún mun jafnframt ræða hvernig þessir áherslupættir speglast í myndlistaverkum þeirra og vinnuaðferðum. Bryndís er prófessor og fagstjóri MA í myndlist við Listaháskólann ásamt því að vera með rannsóknarstöðu við Malmö Art Academy, í Háskólanum í Lundi. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.


Góða skemmtun í bíó

Full búð af nýjym vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

VELDU ÞAÐ BESTA FYRIR ÞIG
Öll erum við mismunandi og með ólíkar þarfir.
Þess vegna bjóðum við upp á FRÍA legugreiningu og aðstoðum þig við val á réttu rúmi.
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA
VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus) - Sími 544 2121 - www.rumgott.is

THE ROCKY HORROR PICTURE SHOW
Give Yourself Over to Absolute Pleasure
BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Moonlight | 17:30, 22:00 |
| Toni Erdmann | 18:00 |
| Manchester By The Sea | 17:15 |
| The Rocky Horror Picture Show | 20:00 |
| Certain Women | 20:00 |
| Elle | 22:30 |
| Paterson | 22:30 |

BÍÓ ★ PARADÍS
MOONLIGHT

# Settu fókus á eitt ár

**Viðamikið hugvísindaþing fer fram í Háskóla Íslands í dag og á morgun. Ein málstofan nefnist 1957. Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur stýrir henni.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það fólk sem tekur þátt í málstofunni 1957 á hugvísindaþinginu er annað hvort í doktorsnámi eða hefur nýlokið því eða mastersprófi,“ segir Haukur Ingvarsson bókmenntafræðingur. Þar er um að ræða þau Auði Aðalsteinsdóttur, Ásdísi Sigmundsdóttur, Gísla Magnússon, Jórunni Sigurðardóttur og Kristínu Svövu Tómasdóttur auk hans sjálfs. Í stað þess að taka fyrir ákveðna fræðigrein eða langt tímabil segir Haukur hópinn hafa sett fókus á eitt ár í bókmenntasögunni, valið af handahófi árið 1957 og fundið þar sitthvað forvitnilegt.

„Jórunn fjallar um hvernig bókmenntum var miðlað í útvarpi. Hún fann fullt af þýddu efni á dagskrá íslenska útvarpsins á þessum tíma og umræður um bókmenntir sem var ekki endilega verið að fjalla um í rituðu máli. Útvarpið nær til fólks hvar sem er og hefur kannski átt meiri þátt í útbreiðslu hugmynda en margt annað.

Kristín Svava skoðar norska skáldsögu, Sönginn um roðasteininn eftir Agnar Mykle, sem sló í gegn á Norðurlöndunum en þótti mjög klámfengin. Hér vildu menn þýða hana á íslensku en yfirvöld lögðu blátt bann við því. Hins vegar var bókin í mikilli dreifingu hér á Norðurlandamálum og seldist í um 2.000 eintökum. Það er spennandi á öllum tímum að vita hvað er leyfilegt og hvað ekki.

Auður hefur rannsakað bókmenntagagnrýni á Íslandi á 20. öld og í erindi sínu fjallar hún um hvað einkenndi stíl Drífu Viðar sem bókmenntagagnrýnanda, hvaða erlendu fyrirmyndir hún hefur haft og fleira því tengt.

Ásdís er í sínu erindi að skoða þýtt efni í kvennatímaritum árið 1957 og velta fyrir sér áhrifum þess.

Gísli Magnússon lýsir dönskum ferðabókum frá miðri síðustu öld sem fjalla um Ísland. Danskir fræðimenn töldu dregna þar upp neikvæða mynd af Íslendingum en Halldór Laxness og fleiri Íslendingar voru jákvæðir í garð þessara bóka. Gísli veltir vöngum yfir því hvers vegna menn skildu bækurnar á svona ólíka vegu.“

Sjálfur kveðst Haukur vera í kaldastríðspælingum í sínu innleggi. „Mikið hefur verið rannsakað hvað vinstrimenn voru að fást við en ég spái í það sem hægrimenn voru að gera, Almenna bókafélagið, Gunnar Gunnarsson og Tómas Guðmundsson,“ segir hann og heldur áfram: „Það voru mikil átök í menningarlífinu á 6. áratugnum og menn höfðu alla anga úti til að reyna að ná undirtökum í því. Átakalínur urðu til hvar sem drepið var niður.“

Málstofan 1957 er á dagskrá í dag, föstudag, frá klukkan 13 til 16.30 í aðalbyggingu Háskóla Íslands.



**Haukur veltir fyrir sér hverju Íslendingar sóttust eftir í erlendu samstarfi á kaldastríðsárunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**List fyrir alla auglýsir eftir umsóknum um listviðburði eða verkefni á sviði barnamenningar fyrir grunnskólabörn**

List fyrir alla er barnamenningarverkefni á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem ætlað er að miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag.

Starfandi listamenn, stofnanir og aðrir lögaðilar er sinna barnamenningu á einhvern hátt geta sótt um. **Umsóknarfrestur er til 29. mars nk.**

**MAT Á UMSÓKNUM**
Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðburðir og verkefni skulu í öllum tilvikum vera unnin af fagfólki og metnaði. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir eigi síðar en **28. apríl 2017.**

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á heimasíðu List fyrir alla, **www.listfyriralla.is**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

List fyrir alla



**Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flytur hátíðarfyrirlestur Hugvísindaþings í dag en þingið stendur yfir í dag og á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nokkur orð um tilvistarvanda sagnfræðings sem varð forseti

Hugvísindaþing er árviss ráðstefna Hugvísindastofnunar þar sem fram er borið það helsta í fræðunum í málstofum ætluðum fræðasamfélaginu jafnt sem almenningi. Þingið var fyrst haldið árið 1996 og verður því 21 árs árið 2017. Aðgangur að þinginu er ókeypis og öllum opinn.

Guðmundur Hálfdanarson, forseti Hugvísindasviðs, setur þingið í dag kl. 12 í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Í framhaldinu heldur forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hátíðarfyrirlestur undir yfirskriftinni: Þjóðin og fræðin. Nokkur orð um tilvistarvanda sagnfræðings sem varð forseti. Þarna er greinilega á ferðinni fróðlegur og skemmtilegur fyrirlestur en þingið er reyndar allt hlaðið áhugaverðum fyrirlestrum. Á meðal forvitnilegra yfirskrifta á fyrirlestrum dagsins má nefna: Sitt af hverju tagi – með hugrænni slagsíðu, Konur og kynhlutverk í dægurmenningu fyrri alda, Trú, trúarþel og fötlun – Hið sammannlega, Ofbeldi og tjáning í list og veruleika, Almenningur og lýðræðisleg umræða, Maður að okkar skapi, Máltileinkun, tölvur og tvítyngi. Þetta er aðeins brot af fyrirlestrum dagsins í dag og á morgun er ekki síður spennandi dagskrá sem hefst kl. 10 og stendur til 17.30.

Þeim sem vilja kynna sér dagskrá Hugvísindaþings nánar er bent á að heimasíðuna hugvisindathing.hi.is en þar má finna allar nánari upplýsingar. **– mg**










990.-

1490.-

990.-
















690.-

2990.-

690.-

1990.-
















990.-

2299.-

3480.-

4999.-

2490.-

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1,36kg í poka

**298** kr. 1,36 kg

**Amerísk Smáepli**
Rauð, 1,36 kg

**2.498** kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur

**1.398** kr. kg

**Norðanfiskur Þorskflök**
Beinhreinsuð, fersk

**298** kr. 250 g

**Jarðarber**
Spánn, 250 g

**498** kr. 500 g

**BKI Kaffi**
Classic, 500 g

**NÝTT Í BÓNUS**

**298** kr. 150 g

**H-Berg Piparmöndlur**
150 g

**259** kr. pk.

**El Pozo Hráskinka**, 60 g
**El Pozo Chorizo**, 80 g

Gæðavara á **LÆGRA VERÐI**

**100kr** verðlækkun

**398** kr. 500 ml

**TRESemmé**
**Sjampó og hárnæring**
500 ml - Verð áður 498 kr

**259** kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

**69** kr. 330 ml

**Egils Kristall**
330 ml, 2 teg.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# DAGSKRÁ

# Föstudagur





Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.
**Það er ekkert heilagt í þessum matarboðum!**

**FANTAGOTT**
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365



**SHERLOCK HOLMES**

Stórhættulegur kvenspæjari leitar til Holmes og Watsons til að fá hjálp við að leysa mál sem er mun flóknara en svo að ein manneskja geti leyst það. Klassísk og stórskemmtileg spennumynd með Robert Downey Jr., Jude Law og Rachel McAdams í aðalhlutverkum.

**LOVELACE**

Linda Lovelace varð fræg á áttunda áratugnum þegar hún lék í hinni víðfrægu klámmynd Deep Throat. Seinna kom í ljós að hún var aðeins þræll klámiðnaðarins. Sannsöguleg dramatísk mynd með frábærum leikurum í aðalhlutverkum.







**THE DANISH GIRL**

Stórbrotin mynd, byggð á sönnum atburðum, um listmálarann Einar Wegener sem var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynskiptaaðgerð og breyttist í Lili Elbe. Í myndinni er rakin breytingarsaga Elbe og samband hennar við eiginkonuna Gerdu Wegener.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Litlu Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Restaurant Startup
**11.05** Lóa Pind. Battlað í borginni
**11.45** Nettir Kettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Lady in the Van
**14.40** Trust Me
**16.05** Dulda Ísland Vandaðir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland.
**16.55** Tommi og Jenni
**17.15** Simpson-fjölskyldan
**17.40** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Martha & Snoop's Potluck Dinner Party Beittur og fáránlega skemmtilegur þáttur í umsjón eldhúsdrottningarinnar Mörthu Stewart og rapparans Snoop Dogg sem eru eins ólík og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að hafa mikið dálæti á mat.
**19.45** Evrópski draumurinn Stöð 2 rifjar upp þessa hörkuspennandi og skemmtilegu þætti og hitar upp fyrir frumsýningu þáttaraðarinnar Asíski draumurinn sem hefst 31. mars.
**20.20** Sherlock Holmes Létt og spennandi glæpamynd með Robert Downey Jr. sem leikur spæjarann Holmes og Jude Law fer með hlutverk aðstoðarmannsins Watsons. Rachel McAdams leikur Irene Adler, stórhættulegan kvenspæjara frá New Jersey sem gefur Holmes ekkert eftir í gáfum og snilli og hefur lengi verið stirt á milli þeirra tveggja vegna þess.
**22.25** Lovelace
**23.55** Black Sea
**01.45** Maze Runner: The Scorch Trials
**03.55** Trust Me
**05.25** Martha & Snoop's Potluck Dinner Party
**05.55** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Lyon - Roma
**08.40** FC København - Ajax
**10.20** Þór Þ. - Njarðvík
**12.00** Meistaradeildin í hestaíþróttum
**15.10** Rostov - Manchester United
**16.50** Schalke - B. Mönchencladbach
**18.30** PL Match Pack 2016/2017
**19.00** FA Cup - Preview Show 2017
**19.30** Þór Þ. - Njarðvík
**21.15** Domino's-körfuboltakvöld
**23.40** Premier League Preview
**00.10** Evrópudeildarmörkin
**01.00** Minnesota - Golden State

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15** Rostov - Manchester United
**08.55** Schalke - B. Mönchencladbach
**10.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**11.00** Arsenal - Bayern München
**12.40** Meistaradeildarmörkin
**13.10** New York Knicks - Golden State Warriors
**15.00** Lyon - Roma
**16.40** FC København - Ajax
**18.20** La Liga Report
**18.50** Evrópudeildarmörkin
**19.40** Brighton - Derby
**21.45** Lengjubikarinn
**23.25** Bundesliga Weekly
**23.55** ÍR - Keflavík
**01.35** Domino's-körfuboltakvöld

## STÖÐ 3

**17.30** Raising Hope
**17.55** New Girl
**18.15** The League
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Silicon Valley
**20.10** The New Adventures of Old Christine
**20.35** Gilmore Girls
**21.20** Izombie
**22.05** Entourage
**22.35** Klovn
**23.05** Fresh Off the Boat
**23.25** Curb Your Enthusiasm
**00.00** Silicon Valley
**00.30** The New Adventures of Old Christine
**00.50** Gilmore Girls
**01.35** Izombie
**02.20** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Grettir
**10.11** Zigby
**10.25** Ljóti andarunginn og ég
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.22** Hvellur keppnisbíll
**13.34** Ævintýraferðin
**13.46** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Grettir
**14.11** Zigby
**14.25** Ljóti andarunginn og ég
**14.47** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.22** Hvellur keppnisbíll
**17.34** Ævintýraferðin
**17.46** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Grettir
**18.11** Zigby
**18.25** Ljóti andarunginn og ég
**18.47** Mæja býfluga
**19.00** Ævintýraeyja Ibba



**Dóra könnuður, kl. 07.00, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20** Inside the PGA Tour
**08.45** Valspar Championship
**11.45** Golfing World
**12.35** Valspar Championship
**15.35** Inside the PGA Tour
**16.00** Valspar Championship
**19.00** Valspar Championship
**23.00** PGA Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Roxanne
**12.55** St. Vincent
**14.40** E.T.
**16.30** Roxanne
**18.20** St. Vincent
**20.05** E.T. Hin klassíska og rómaða Óskarsverðlaunamynd frá 1982 í leikstjórn Stevens Spielberg fjallar um geimveruna E.T. sem verður viðskila við félaga sína og ílengist á jörðinni. Ungur drengur, Elliot, finnur hana og platar hana heim til sín þar sem systkini Elliots kynnast geimverunni. Fljótlega verður ljóst að E.T. er ekki bara greind vera heldur góð líka. Hana langar þó mest að komast til síns heima og reynir Elliot sitt besta til að hjálpa henni. Þeir lenda svo í ógöngum þegar yfirvöld komast á snoðir um veru geimverunnar hjá Elliot.
**22.00** The Danish Girl
**00.00** The Social Network Haustið 2003 settist háskólaneminn Mark Zuckerberg við tölvuna sína og byrjaði að vinna að nýrri hugmynd. Hugmyndin óx í höndunum á honum og úr varð alheimssamfélagsmiðillinn Facebook. Sex árum og 500 milljón „vinum" síðar er Mark orðinn yngsti bandaríski milljarðamæringur sögunnar. En velgengnin hefur líka í för með sér persónuleg og lögfræðileg vandamál og lífið er ekki endilega dans á rósum. Með aðalhlutverk fara Jesse Eisenberg, Justin Timberlake og Andrew Garfield.
**02.00** The Informant
**03.55** The Danish Girl

## RÚV

**17.00** Á spretti
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Pósturinn Páll
**18.16** Kata og Mummi
**18.28** Bláí jakkinn
**18.29** Kóðinn – Saga tölvunnar
**18.30** Jessie
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Vikan #12stig
**20.55** Gettu betur
**22.05** Barnaby ræður gátuna
**23.40** Listi Schindlers
**02.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Three Rivers
**10.35** Síminn + Spotify
**11.30** Dr. Phil
**12.10** The Voice USA
**12.55** The Voice USA
**13.40** Speechless
**14.05** The Mick
**14.30** Það er kominn matur
**15.05** The Biggest Loser
**15.50** The Biggest Loser
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** King of Queens
**19.00** Arrested Development
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** The Voice USA
**21.45** The Bachelorette
**22.30** The Tonight Show
**23.10** Californication
**23.40** Prison Break

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Kjörís

# Bara eitt að lokum




0,5 L

Settu ljúffengan endapunkt við máltíðina með skál af ómótstæðilegum Mjúkís, þar sem muldar heslihneturnar dansa við hágæða súkkulaðið. Nú fæst hann í nýjum hálfs lítra umbúðum.

Mjúk lending eftir matinn

Brandenburg | sÍA



Þetta virðist vera eitt heitasta trendið um þessar mundir.
NORDICPHOTOS/GETTY



Svona mætti ein tískuskvísan á sýningu Elie Saab á tískuvikunni í París.







Þessi tíska hentar kannski ágætlega í heitu veðri.



# Ekki klæða þig í!



Kendall Jenner er alltaf með puttann á tískupúlsinum.





Þessi sást með jakkann hangandi af öxlunum fyrir utan sýningu Lavin í París.

Þegar skoðaðar eru myndir frá nýafstaðinni tískuviku í París má sjá að nýjasta tískubólan er að klæða sig ekki almennilega í jakkann heldur láta hann frekar hvíla á olnbogunum. Nú er spurning hvort trendið muni ryðja sér rúms hérna heima.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

## Trendbiblía Glamour er lent!





Trendbiblía Glamour er komin út – marsblaðið sem boðar nýtt tískutímabil með stæl.

Forsíðuna prýðir fyrirsætan Meghan Collison, sem er ein heitasta fyrirsætan um þessar mundir þar sem hún gengur pallana fyrir öll stærstu tískuhúsin á tískuvikunum. Forsíðutakan fór fram hér á landi en ljósmyndarinn Kári Sverriss er á bak við linsuna. Þetta er fyrsta sinn sem Kári myndar forsíðu íslenska Glamour en hann á heiðurinn af tveimur tískuþáttum í blaðinu. Silja Magg er svo með einn tískuþátt svo alls eru þrír tískuþættir í þessu sérstaka tískublaði.

Tískuheimurinn hefur undanfarið verið að sýna á sér pólitískari hlið þar sem kvennabaráttan er í forgrunni. Hér heima er umræðan einnig á svipuðum nótum þar sem ný ríkisstjórn Íslands hefur sett jafnréttismál á stefnuskrána, en sitt sýnist hverjum.

Í nýjasta tölublaðinu er að finna ítarlega umfjöllun um hvort launamunur kynjanna sé óheppileg tilviljun eða óréttlæti sem ber að útrýma. Þetta og margt, margt fleira í nýjasta tölublaði Glamour!

NÓI SÍRÍUS




Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Þau eru tilbúin

Nú mega páskarnir koma því að Nóa páskaeggin eru tilbúin. Og vitið þið bara hvað? Við vönduðum okkur alveg sérstaklega í ár, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Bæði gómsæta súkkulaðiskelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

**Ekki ryðjast — það er nóg til fyrir alla.**

facebook.com/noisirius



# Föstudags-playlisti Lífsins

## Karítas Óðinsdóttir

PLÖTUSNÚÐUR

Plötusnúðurinn Karítas raðaði saman föstudags-playlistanum okkar þennan föstudaginn. Um er að ræða ákveðið forskot á sæluna því að Karítas spilar á Prikinu á morgun og ekki ólíklegt að eitthvað af þessum lögum fái að hljóma þar á bæ.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Prblms | 6LACK |
| U-RITE | THEY. |
| Big For Your Boots | Stormzy |
| Make Love | Gucci Mane ft. Nicky Minaj |
| I'm So Groovy | Future |
| Culture | Migos |
| Moves | Big Sean |
| This Life | Denzel Curry |
| Skateboard P | Madeintyo |
| Shining | Dj Khaled ft. Beyonce & Jay Z |



Matty í miðjunni ásamt teyminu á bak við Dead Set on Life þættina.

# Fékk sér „gómsæt“ svið úr bílalúgu

Kanadíski kokkurinn **Matty Matheson** flaug af landi brott í gær eftir að hafa dvalið á Íslandi í nokkra daga. Hann var hér á landi til að kynnast íslenskri matarmenningu og taka upp sjónvarpsþátt.

Eitt af fyrstu verkefnum sjónvarpsstjórnunnar Mattys Matheson á Íslandi og tökuliðs hans var að heimsækja Ragnar Eiríksson á Dilli en Dill varð á dögunum fyrsti íslenski veitingastaðurinn til að hljóta Michelinstjörnu. „Við kíktum á Dill, héngum þar og elduðum smá. Svo höfum við bara verið að skoða Reykjavík og ferðast um Ísland,“ segir Matty.

„Við könnuðum matarmenninguna á Íslandi og kynntumst því hversu ung hún í raun og veru er, ef við miðum við önnur lönd. Sérstaklega á það við veitingahúsageirann. Við fengum innsýn í hann og hvernig hlutirnir hafa þróast á síðustu áratugum, hvernig fólk var áður fyrr mestmegnis að borða á börum, búllum eða heima hjá sér. Ég meina, fyrsti fíni veitingastaðurinn á Íslandi var stofnaður fyrir einhverjum sextíu árum, það er ekki langur tími.

Svo höfum við verið að skemmta okkur og gera þessa hefðbundnu túristahluti,“ segir Matty sem fór meðal annars að sjá Gullfoss og Geysi og svo baðaði hann sig í Gömlu lauginni við Flúðir.

Matty fór svo í bílalúguna á BSÍ og fékk sér svið sem honum þótti afar bragðgóð. „Þau voru gómsæt, mjög góð!“ segir Matty sem borðaði sviðin með bestu lyst, meira að segja augun líka.

**Þótti hákarlinn ekki ógeðslegur**

Matty bragðaði einnig á kæstum hákarli. „Uhm, það var allt í lagi bara. Ég held að þetta sé bragð sem maður þurfi að venjast, eitthvað sem maður þarf að hafa borðað alla sína ævi til að kunna að meta. Þetta er einstakur matur að mínu mati en þetta er ekki sá matur sem ég fílaði mest af því sem ég smakkaði í heimsókn minni. Þetta var alls ekki ógeðslegt samt, eins og mörgum þykir þetta.

Það er smá spes að það sé hálfgerð skylda fyrir túrista að smakka kæstan hákarl hér á Íslandi því þetta er bara ammóníaklyktandi fiskbiti. Það er mjög sterk lykt af hákarlinum, svo bítur maður í hann og hann er frekar bragðlaus en svo þegar maður byrjar að tyggja þá er eins og bragðið losni úr læðingi. Einhver sagði mér að ég ætti að prófa þetta með smá ostbita. Kæsti hákarlinn er kannski tilvalinn fyrir þá sem elska mjög sterka osta. En ég hef alveg smakkað osta sem eru mun sterkari en hákarlinn sem ég smakkaði,“ útskýrir Matty sem bjóst við að hákarlinn liti mun verr út en raun bar vitni. „Ég hélt að þetta yrði einhver viðbjóður, eitthvert ógeðslegt kjöt í einhverri tunnu. En svo var þetta bara mjög fallegur, lítill hvítur kjötbiti,“ segir hann og hlær.

Matty fór svo auðvitað á Bæjarins bestu. „Jáá … ég veit ekki. Þetta var fínt en ég veit ekki hvort pulsan er eitthvað miklu betri heldur en á einhverjum öðrum pulsustað,“ segir Matty spurður út í hvernig honum hafi líkað pulsurnar á Bæjarins bestu.

„Þetta er góð pulsa, en þeir eru að bjóða upp á sömu pulsuna og margir aðrir staðir. Ég meina … ég er búinn að fá mjög góðar pulsur á bensínstöðvum. Helsti munurinn er kannski bara sá að það er svo mikið að gera [á Bæjarins bestu] að þeir eru með svo ferskt hráefni. Það er meiri hraði hjá þeim þannig að pulsurnar liggja aldrei lengi í pottinum. En þetta er víst bara einn af þessum hlutum sem maður verður að gera á Íslandi, eitthvað sem er mælt með.“

Þátturinn um heimsókn Mattys til Íslands verður partur af þriðju þáttaröð Vice-þáttanna Dead Set on Life. Þáttaröðin verður sýnd í vor. „Við gefum þættina út einhvern tímann frá apríl til júní. Þannig að það er stutt í það.“

gudnyhronn@365.is



Matty Matheson flaug af landi brott í gær eftir að hafa kynnt sér íslenska matarmenningu.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

GLAMOUR

*Glæsilegasta tískutímarit landsins*

GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is

365

# FRÁBÆR VERKFÆRI FRÁ DEWALT OG STANLEY

## MÁLBÖND 5 - 8 METRAR



590 m/vsk
Fullt verð 731



1.190 m/vsk
Fullt verð 1.583

## SMÁHLUTABOX Í ÚRVALI

Frábært úrval af smáhlutaboxum frá Stanley

990 m/vsk
Verð frá



## FJARLÆGÐARMÆLAR

30 metrar
13.459 m/vsk
Okkar verð

50 metrar
20.900 m/vsk
Fullt verð 26.152



TILBOÐ

## LÍNULASER 360° ÞRJÁR LÍNUR

Grænn geisli
4 X sjáanlegri en rauður geisli
Vatns og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall

vnr 94DCE089D1G

69.900 m/vsk
Fullt verð 80.898



TILBOÐ

## LÍNULASER RAUÐUR

Tvær línur
Rauður geilsli
Vatns og rakavarinn
Prófaður fyrir 2m fall

vnr 94DW088K

29.900 m/vsk
Fullt verð 38.900



TILBOÐ

## HERSLUVÉL 10,8 V

Létt hersluvél með 3/8" drifi
Herðir upp í 130 Nm
Þyngd: 1,04 kg

vnr 94DCF813D2

25.900 m/vsk
Fullt verð 31.166



TILBOÐ

## HLEÐSLUBORVÉL 18 V

Tvær 5.0 Ah rafhlöður
Herlsa 70 Nm
Kemur í tösku

vnr 94DCD796P2

55.900 m/vsk
Fullt verð 63.836



TILBOÐ

## HÖGGBORVÉL SDS +



Létt vél
Höggþyngd 2.6J

vnr 94D25133K

27.900 m/vsk
Fullt verð 35.749

TILBOÐ

## SLÍPIROKKUR 1400 W

Afl: 1400 Wött
Snúningshraði: 11500 sn/mín
Þyngd: 2,2 kg
Skífustærð: 125 mm

vnr 94DWE4237

17.900 m/vsk
Fullt verð 21.349



TILBOÐ

## HLEÐSLUPAKKI 54 V

Tvær flexvolt rafhlöður sem ganga bæði í 18 V og 54 V og hleðslutæki

vnr 94DCB118T2

51.900 m/vsk
Fullt verð 63.986



TILBOÐ

## HJÓLSÖG FLEXVOLT 54 V

Flexvolt hjólsög 190 mm
Gengur fyrir 54 V flexvolt rafhlöðum

vnr 94DCS575NT

56.900 m/vsk
Fullt verð 69.275



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Hildar Björnsdóttur




## Ennþá svangar

Ég upplifði það fyrst fjórtán ára. Að minnsta kosti áþreifanlega. Ég sat við matarborð og bað um ábót. Beiðninni var góðfúslega hafnað. Lítið var eftir af mat og annar aðili svangur. Sá var 10 ára drengur. Hann hafði forgang – því strákar þurfa meira.

Atvikið þótti mér óréttlátt. Ég gat ómögulega skilið samhengið. Hvers vegna þurfti 10 ára drengur meira en 14 ára stelpa? Ég var ennþá svöng.

Nýlega sat ég við annað matarborð. Þar sat önnur kona og tveir menn. Við snæddum flatbökur. Samanlagt 24 sneiðar. Þegar við konurnar höfðum saman klárað fjórar, höfðu karlarnir sporðrennt nítján. Þeir gáfu okkur góðfúslegt leyfi til að deila síðustu sneiðinni. Við vorum ennþá svangar.

Flatbökufrekjurnar eru mér kærar – 10 ára drengurinn einnig. Alls engir yfirgangsmenn. Eintómir ljúflingar. En atvikin eru dæmigerð. Ekki fyrir þá. Bara almennt.

Fjölmargir kimar samfélagsins senda skilaboð. Margvísleg skilaboð. Oft óviljandi og stundum óheppileg. Þau smjúga inn í undirmeðvitundina og hafa víðtæk áhrif. Það gerist víða. Ekki bara á matmálstímum. Líka í íþróttakeppnum. Í starfskjörum. Í viðtalsþáttum. Á launaseðlum. Ómeðvitað og oftsinnis. Áætlað að konur þurfi minna. Konur vilji minna. Konur sætti sig við minna. Þær fá minni skammta. Smærri bikar. Minni bíl. Verri áheyrn. Lægri laun.

Það horfir sífellt til betri vegar. Við stöndum framarlega í alþjóðlegum samanburði. Þó er enn langt í land. Margt þarf að breytast. Stækka og hækka. Aukast og batna. Konur þurfa meira. Þær vilja ábót og eru ennþá svangar.


**SKATTADAGUR Orator og Deloitte**
12. mars Háskóla Íslands kl. 12-18
Ókeypis aðstoð við framtalsskil

**FREE TAX ASSISTANCE**
March 12th from 12-18
at the University of Iceland




